

Viðtal við Kjartan Má Kjartansson, bæjarstjóra Reykjanesbæjar

Jarðhræringar og mikil íbúafjölgun helstu áskoranir



Miðopna



Síða 2

Heiðursborgaramir Sólveig og Albert

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2024 // 24. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

Staðan við Grindavík



Síður 10-11



Afmælistónleikar á þaki Hljómahallar

Þrjátíu ára afmæli Reykjanesbæjar var m.a. fagnað með stórtónleikum á þaki Hljómahallar að kvöldi afmælisdagsins, þriðjudaginn 11. júní. Hljómsveitin Albatross kom fram ásamt Röggu Gísla, Friðriki Dór, Jóhönnu Guðrúnu og Sverri Bergmann. Meðfylgjandi mynd var tekin yfir hátíðarsvæðið, þar sem öll skemmtu sér konunglega. Nánar er fjallað um afmæli Reykjanesbæjar í blaðinu í dag en einnig bendum við á dagskrá á síðunni 30ara.is. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK
ELINBOURG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Heiðursborgararnir ásamt bæjarstjórn og bæjarstjóra Reykjaneshæjar. VF/Hilmar Bragi

Albert og Sólveig heiðursborgarar Reykjaneshæjar

Reykjaneshæjar útnefndi heiðursborgara á hátíðarfundinum í Hljómahöll á Þriðjudagskvöld. Það eru þau Albert Albertsson verkfræðingur og Sólveig Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Áður hafði Ellert Eiríksson fv. bæjarstjóri verið útnefndur heiðursborgari árið 2016. Hann er nýlega fallinn frá.

Nýlega voru teknar upp uppfærðar reglur um heiðursborgara Reykjaneshæjar sem samþykktar voru í bæjarráði þann 16. maí og staðfestar í bæjarstjórn þann 21. maí síðastliðinn. Þar kemur fram:

Bæjarstjórn er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Reykjaneshæjar. Heiðursborgari Reykjaneshæjar getur hvort heldur verið núverandi eða fyrrverandi íbúi Reykjaneshæjar.

Heiðursborgari Reykjaneshæjar skal heiðraður við hátíðlega athöfn og fær viðkomandi innrammað

viðurkenningarskjal undirritað af öllum bæjarfulltrúum og bæjarstjóra til staðfestingar.

Útnefning heiðursborgara Reykjaneshæjar skal taka mið af störfum viðkomandi einstaklings í þágu Reykjaneshæjar eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Skal sérstaklega litið til þess hvort störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.

Bæjarstjórn tók fyrir eftir fund sinn í síðustu viku nöfn þeirra sem tilnefnd höfðu verið sem heiðursborgarar en allnokkur nöfn bárust. Þakkar forseti íbúum Reykjaneshæjar fyrir tilnefningarnar. Fór svo að tekin var ákvörðun tveimur dögum síðar, eftir að fulltrúar höfðu fengið umhugsunarfrest og rök með tilnefningunum.

Það endaði í hlut bæjarfulltrúa að tilnefna heiðursborgara Reykjaneshæjar en svo fór um síðir að ákveðið var í ljósi þess að tveir aðilar þóttu vel að titlinum

komnir að ákveðið var að tilnefna tvo heiðursborgara að þessu sinni. Þessir tveir aðilar hafa unnið ötul-

lega í sínum málaflökum sem eru í raun eins ólíkir og mögulegt er og þar kemur kannski afstaða bæjar-

fulltrúa af hverju svo erfitt var að gera upp á milli þeirra.



Albert Albertsson

Albert er fæddur 30. desember 1948 og uppalinn á Skólavörðuholtinu í Reykjavík.

Albert hefur talað um að hafa alist upp með sjálfbærni að markmiði allt sitt líf en hann lærði snemma að bera virðingu fyrir náttúrunni og dýrmætum gjöfum hennar.

Albert lærði vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og fór í mastersnám í Stokkhólmsháskóla. Albert hóf störf hjá Hitaveitu Suðurnesja árið 1977 þar sem hann hafði för með tæknilega yfirstjórn með virkjun jarðhitans í Svartsengi og gerð hitaveitunnar, þar sem rýni hönnunar, reksturs og viðhalds mannvirkja var kjarninn í störfum hans. Hann starfaði alla sína starfsævi, eða í 45 ár hjá Hitaveitu Suðurnesja og síðar hjá HS Orku.

Leiðarljós í störfum Alberts hjá Hitaveitunni var að nýta ætti auðlindirnar þ.e. grunnvatnið og jarðhitann á ábyrgan hátt og sóa þeim ekki. Þessi stefna ásamt því að fjölnýta auðlindastraumana til að auka nýtingu þeirra án þess að ganga frekar á auðlindaforðann mótaði fyrirtækið til framtíðar. Þetta hefur einkennt hitaveituna frá upphafi og skapað henni fyrirmyndar orðspor bæði hér heima og erlendis. Eðli starfsins krafðist þess að starfsemi hitaveitunnar yrði skipulögð til langrar framtíðar.

Fyrir rúmum 30 árum síðan setti Albert fram eins konar tillögu sem hann kallaði Auðlindagarðshugsun sem hefur yfirskriftina samfélag án sóunar.

Kjarni auðlinda hugsunarinnar er að jörðin er heilög og ómetanleg og því ber okkur að umgangast hana og auðlindir hennar af ábyrgð, manningum ber að nýta auðlindir jarðar á sem hagkvæmasta hátt og sóa þeim ekki. Úrgangur og afföll eins fyrirtækis getur reynst dýrmætt hráefni fyrir annað fyrirtæki, nýta verður auðlindirnar á sjálfbæran hátt, endurnýta ber alla hluti svo lengi sem unnt er ásamt því að byggja brú á milli ólíkra menningar- og tæknheima.

Af þessari hugsun spratt svo Auðlindagarður HS Orku sem er í grennd varmaveranna í Svartsengi og á Reykjanesi. Fyrirtæki Auðlindagarðsins eru m.a. Bláa Lónið, CRI, Matorka, Laugafiskur, Haustak, Stolt Fishfarm Iceland o.fl. Öll eiga þessi fyrirtæki það sameiginlegt að þau nýta affall frá varmaverunum sem hráefni og eru í útflutningi.

Auðlindagarðar og hugsunin að baki þeim hafa nú fest rætur á Íslandi og erlendis en Albert hlaut fálkaorðu forseta Íslands árið 2018 fyrir framlag sitt á vettvangi jarðhitanytingar.

Að sögn Alberts hefur hann verið eitt lítið tannhjul í flóknu klukkiverki Hitaveitu Suðurnesja og síðar HS Orku.

Til hamingju Albert og kærar þakkir fyrir framlag þitt til sjálfbærnimála og uppbyggingar samfélagsins okkar.



Sólveig Þórðardóttir

Sólveig er fædd í Keflavík þann 1. október 1940. Hún bjó með eiginmanni sínum Jónatan Björns Einarssyni og börnum í Keflavík fram til ársins 1984 þegar þau fluttu á Tunguveg í Njarðvík.

Sólveig lauk gagnfræðaprófi frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði árið 1974, ljósmæðranámi frá Ljósmæðraskóla Íslands árið 1978 og hjúkrun frá Nýja hjúkrunarskólanum árið 1981. Sólveig lauk einnig námi í hugrænni atferlismeðferð árið 2007.

Sólveig starfaði við fiskvinnslu, sem kaupakona í sveit, kokkur á síldarbát og gangastúlka á Sjúkrahúsi Keflavíkur á sínum yngri árum. Að loknu námi starfaði hún á fæðinga- og kvensjúkdómadeild Sjúkrahúss Keflavíkur þar af sem deildarstjóri frá árinu 1982 og gegndi því starfi til ársins 1997, fyrir utan eitt og hálf ár þegar hún starfaði sem yfirljósmóðir Fæðingarheimilis Reykjavíkur (1989-1991). Árið 1997 gerðist hún hjúkrunarforstjóri á Heilsugæslu HSS í Grindavík en lét af því starfi árið 2008.

Sólveig hefur unnið mikið að félagsstörfum og stjórnárum á Suðurnesjum. Hún var stofnfélagi í Styrktarfélagi aldraðra á Suðurnesjum sem stofnað var 1974. Hún var einnig stofnfélagi Suðurnesjadeildar Ljósmæðra og formaður 1977-1982.

Sólveig var félagi í Alþýðubandalaginu í Keflavík frá stofnun og leiddi N- lista Félagshyggjufólks í Njarðvík 1990, sat í bæjarráði og var forseti bæjarstjórnar Njarðvíkurþingar og aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna.

Jafnrétti kynjanna hefur alla tíð verið Sólveigu hugleikið, ekki síst í tengslum við málefni nýfórninna foreldra þar sem hún beitti sér sérstaklega fyrir auknum rétti fedra. Sólveig hefur skrifað bæði fræðsluefni og blaðgreinar til að styrkja þessi fyrstu tengsl föður og barns, einnig var hún hvatamaður að stofnun Áhugafélags um brjóstgjöf. Auk þessa hefur Sólveig verið ötull talsmaður uppbyggingar heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum og komið víða að í þeirri baráttu.

Sólveig Þórðardóttir hefur verið frumkvöðull í þjónustu við þungaðar konur, við fæðingarþjónustu og var framsýn á sínum tíma um uppbyggingu á góðri heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Í gömlu blaðaviðtali við Sólveigu sagði hún árið 1986:

„Ég sem ljósmóðir hef sýn á ýmsum málum sem viðkemur ungu fólki.“ Og um Suðurnesin sagði hún: „Hér eru mörg ónýtt tækifæri, svo sem í ferðaþjónustu, heilsurækt og nýting orkunnar. Hér getur verið vagma iðnaðar í landinu.“

Til hamingju Sólveig og kærar þakkir fyrir framlag þitt til fæðinga- og heilbrigðisþjónustu og uppbyggingar samfélagsins okkar.

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



HÁTÍÐARDAGSKRÁ

Kl. 12:00 – Hátíðarguðþjónusta í Keflavíkurkirkju

*Kór Keflavíkurkirkju syngur undir stjórn Arnórs Vilbergssonar, organista
Sr. Fritz Már Jörgensson er prestur
Heiðabúar standa heiðursvörð og taka þátt í athöfninni*

Kl. 13:00 – Skruðganga leggur af stað frá Keflavíkurkirkju
*Heiðabúar marsera með hátíðarfánann og Lúðrasveit Tónlistarskóla
Reykjanæsbæjar spilar undir ásamt sérstökum gestum úr U.S.
Naval Forces Europe and Africa Band*

Kl. 13:20 – 13:45 – Hátíðardagskrá í skruðgarðinum í Keflavík
*Fánahylling: Friðrik Georgsson, rafvélavirkjameistari
Þjóðsöngur: Karlakór Keflavíkur
Setningarræða: Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar
Fjallkona: Eva Margrét Falsdóttir, nýstúdent
Ræða dagsins: Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri*

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, stýrir dagskrá

Aðrir viðburðir:

*Kl. 13:00 – 17:00 Kaffisala Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur í Blue-höllinni
Kl. 13:30 – 17:00 Kaffisala Kvenfélags Keflavíkur í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju
Kl. 14:00 – 17:00 Kaffisala Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur í Njarðvíkurskóla
Kl. 12:00 – 17:00 Duus Safnahús opin - aðgangur ókeypis
Kl. 11:00 – 18:00 Rokksafn Íslands opið - aðgangur ókeypis*

Fritt í strætó sem ekur samkvæmt laugardagsáætlun

SKEMMTIDAGSKRÁ

Kl. 13:45 - 16:00 Skemmtidagskrá í skruðgarðinum í Keflavík

Á plattanum og á sviði:

Kl. 13:45 *Afmæliskórar undir stjórn Jóhanns Smára Sævarssonar og Arnórs Vilbergssonar*
Kl. 14:00 *Atriðið Matthildur frá Team DansKompaní*
Kl. 14:15 *Bjartmar og Bergrisarnir*
Kl. 14:45 *Drottningin sem kunnir allt nema...*
Kl. 15:00 *Jói Pé og Króli*
Kl. 15:30 *DansKompaní*
Kl. 15:45 *BMX brós*

*Hoppukastalar
Fígúrir frá Leikfélagi Keflavíkur
Hestateyming
Andlitsmálning
Skemmtistöðvar og sölubásar*

Kl. 16:00 - 18:00 Skemmtidagskrá fyrir ungmenni í skruðgarðinum í Keflavík

*Vatnsblöðrustríð
Hoppukastalaþraut
Vatnsrennibrautargleði
Alls kyns skemmtistöðvar
Mælum með að ungmenni séu í sundfötum innan undir
og taki með sér handklæði
Ekki er aðstaða til að skipta um föt*



80 ÁRA AFMÆLI LÝÐVELDISINS

*Sungið með landinu
Félagar úr kórum Reykjanæsbæjar syngja "Ávarp fjallkonunnar" undir stjórn
Arnórs Vilbergssonar og Jóhanns Smára Sævarssonar
Bók til landsmanna – Fjallkona
Þú ert móðir vor kær. Afhent í Bókasafninu og Sundmiðstöð á opnunartíma
Rís þú unga Íslands merki
Á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 1944 var hinn nýi þjóðfáni hylltur
Fáninn er líklega sá stærsti sinnar tegundar. Sýndur í Duus safnahúsum
Boðið upp á kaffi og kleinur á þjóðhátíðardaginn*



Endurvinnslu- og gámaplan Grindavíkur yfirfullt

„Þessi gámur var tómur fyrir einum og hálfum klukkutíma, nú er hann orðinn fullur,“ segir Miroslav Sopina sem er umsjónarmaður endurvinnslu- og gámaplans Grindavíkur en mikið hefur borið á óánægju þeirra Grindvíkinga að undanförunu sem eru að tæma húsin sín vegna sölu til Þórkötlú. Röðin á laugardaginn lá nánast út úr bænum, allt orðið fullt og Grindvíkingar létu móðinn mása á samfélagsmiðlum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Steinþór Þórðarson er framkvæmdastjóri Köllu. Hann segir að Kalka hafi frá upphafi þessara atburða reynt koma til móts við þarfir Grindvíkinga. Það hafi hins vegar ekki alltaf verið skýrt hver þörfin sé.

„Við í Köllu höfum ekki alltaf vitað hver staðan er í Grindavík. Því þar fjöldi manns eða kannski einhverjir tugir? Nú kemur upp sú staða að pressa er sett á íbúa að tæma hús og okkur er ókunnugt



um það. Á sama tíma hefur bærinn verið lokað hættusvæði og við höfum hreinlega ekki fengið leyfi til að fara þarna inn.“

„Það sem gengið hefur á í Grindavík á sér varla fordæmi og enginn í þessari keðju sem samstarf um úrgangsmál er hefur reynslu af svona nokkru. Ég vil ekki gagnrýna bæjaryfirvöld í Grindavík, sem hafa haft ótal gríðarstór mál á sinni könnu en við hefðum stundum viljað fá meiri upplýsingar. Við höfum brugðist við öllum beiðnum hingað til, sent söfnunarteymi í bæinn og opnað planið þegar ástæða hefur þótt til. Á móti þeim helgum sem álag á planinu hefur verið mjög mikið eru miklu fleiri helgar þar sem við höfum verið með viðbúnað en fáir hafa komið og jafnvel enginn. Við bættum við tveimur gámum en þegar tugir, jafnvel hundruð fjölskyldna eru að tæma húsin sín þá eru þeir fljótir að fyllast,“ segir Steinþór.

„Við gerum það sem við getum til að koma til móts við Grindvíkinga en það má ekki gleyma að við stjórnnum þessu ekki öllu. Við



Möttökustöð Köllu í Grindavík.

höfum þurft leyfi Almannavarna til að komast í að tæma ruslatunnur Grindvíkinga og opna planið. Við þurfum að vinna þetta með yfirvöldum. Við viljum allt fyrir Grindvíkinga gera, það er nógu erfitt fyrir þá að þurfa yfirgefa heimili sín og henda jafnvel stórum hluta búslóðar sinnar því hún kemst ekki fyrir á nýja heimilinu. Þetta væri reyndar ekkert vandamál ef Grindvíkingar þyrftu ekki að tæma húsin sín og ég skil ekki út af hverju þarf að gera það. Enginn mun búa í þessum húsum næstu árin og þessir hlutir myndu geymast vel þar og þá væri áfram þessi tenging bæjarbúa við gamla heimilið sitt, sem væntanlega myndi auka líkurnar á að viðkomandi myndi snúa til baka á einhverjum tímamarki.

Strax við upphaf þessara atburða í nóvember tókum við upp samtalið við gámafyrirtækin sem Kalka er með samning við vegna söfnunar úrgangs frá heimilum. Það samtalið var frá upphafi jákvætt og lausnamiðað og við höfum ekki fengið reikninga vegna þjónustu sem ekki þurfti að veita. Sömu leiðis hafa gámafélögin, Íslenska gámafélagið og Terra, alltaf verið til í samstarfi þegar aðstæður í Grindavík hafa kallað á þjónustu. Grindavíkurbær tók svo af skarið með að fólk skyldi ekki gera ráð fyrir tæmingu íláta við heimili og



Davor Lucic er rekstrarstjóri sorphirðu- og endurvinnsluþlana og Steinþór Þórðarson er framkvæmdastjóri Köllu.



Stefán Jónsson losar kerruna á gámaplaninu í Grindavík.

þyrfti því að leita annarra úrræða með sinn heimilisúrgang. Tæming húsa í stórum stíl er svo nýjasta sviðsmyndin og hana sáum við ekki fyrir. Kalka veitir þjónustu í samræmi við ákvörðun stjórnar þar um. Það væri ekkert óeðlilegt að leita annað eftir þjónustu þegar og ef verkefni eru þess eðlis. Allt sem Kalka getur gert til að koma til móts við þessar þarfir er hins vegar sjálfsgert mál af okkar hálfu,“ sagði Steinþór.

Davor Lucic er rekstrarstjóri sorphirðu- og endurvinnsluþlana og fór yfir hvernig hann sér þau mál þróast á næstunni.

„Í Grindavík eru sorphirðuflát við heimili upp á umtalsverðar upphæðir og það er nú ekki gott að þau liggja eins og hráviði út um allan bæ. Mér finnst ekki ólíklegt að við munum sækja þessi ílát, a.m.k. til þeirra heimila sem ekki eru líkur á að verði notuð á næstunni. Svo er spurning hvernig bæjarbúar geti þá hagað sínum úrgangsmálum. Framtíðin verður bara að leiða það í ljós. Þegar allir Grindvíkingar verða búnir að losa húsin sín verður held ég ekki þörf á að halda gámasvæðinu opnu. Ein hugmyndin er að það verði settir upp grenndargámar eins og tíðkast í sumarbústaðabygðum. Ég held að það yrði farsælasta lausnin fyrir bæjarbúa og Kalka verður Grindavíkurbær að sjálf-sögðu innan handar við að koma upp svona þjónustu – verði sú leið ofan á. Þetta þarf allt að gerast í góðri samvinnu og þegar kallið kemur frá Grindavíkurbæ leysum við málin í sameiningu – hér eftir sem hingað til,“ sagði Davor að lokum.

Miroslav Sapina hefur verið umsjónarmaður endurvinnslu- og gámaplans Grindavíkur undanförunum þrjú ár. Hann segir lygilegt hversu miklu af heilu dóti Grindvíkingar séu að henda þessa dagana.

„Þetta er ótrúlegt, Grindvíkingar neyðast til að henda heilum hlutum, þessi gámur var tómur fyrir einum og hálfum klukkutíma. Við höfum reynt að koma heilum húsgögnum og öðrum munum til fyrirtækja sem eru að selja notaða hluti en það er allt yfirfullt hjá þeim. Við höfum bætt við tveimur gámum og komum



Páll Árni og sonur hans á hjóli sem var búið að henda.

ekki fleirum á planið hjá okkur en þeir eru fylltir jafnharðan. Ég skil þetta bara ekki, út af hverju þurfum við Grindvíkingar að tæma húsin okkar? Að geta ekki bara geymt þessa hluti á gamla heimilinu okkar og það hvetur okkur þá frekar til að halda tengingu við heimilið og þar með bæinn, það er allt rangt við þetta og ég vona að yfirvöld muni breyta þessu,“ sagði Miroslav.

Stefán Sæmundur Jónsson er Grindvíkingur en fluttur í Sveitafélagið Voga, hann var mættur með stútfulla kerru.

„Ég er að fara úr 250 fermetra húsi á tveimur hæðum, í fínt hús á einni hæð í Vogunum. Stór hluti af búslóðinni þarf því miður að fara á haugana og auðvitað er líka búið að safna upp alls kyns drasl sem þurfti hvort sem er að henda. Þetta er sorgardagur í mínum huga, mér finnst ömurlegt að þurfa flýja bæinn minn og finnst algjörlega galið að þurfa tæma húsið, skil bara ekki tilganginn með því á meðan enginn er að fara búa í húsinu á næstunni,“ sagði Stefán.

Pílukastarinn og stýrimaðurinn Páll Árni Pétursson var í sömu erindagjörðum.

„Ég er ekki búinn að selja og er því ekki sjálfur að standa í þessum flutningum, er að hjálpa vinum og mér finnst sorglegt að horfa upp á hversu miklu af flottum og heilum hlutum fólk þarf nauðbeygt að henda því það kemur hlutunum ekki fyrir á nýja heimilinu sínu,“ sagði Páll að lokum.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði

50
1974 – 2024



ELITE stóllalínan
3 gerðir: William, Alex, Charles,
3 möguleikar: Rafdrifinn, manual
eða með skammeli.
3 lítr Cognac, dökk brúnt, svart,
alþjálstraðir með anellín leðri.



VIKTOR Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammel.
Til í svörtu leðri og gráu tauáklæði.



ALEXANDER Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammel.
Til í svörtu leðri og gráu tauáklæði.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Komið og
skoðið úrvalið

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 13.–17. júní

Kótilettur í Tex-Mex BBQ-maríneringu

1.578 kr/kg
2.769 kr/kg

43%



Hamborgarar, 2x140 g

649 kr/pk
999 kr/pk

35%



Forsaðinn maís, 2 í pk.

391 kr/pk
489 kr/pk

20%



Kjúklinganaggar í stökkum hjúp, 350 g

719 kr/pk
899 kr/pk

20%

Frysti-tilboð



Twister mini, frostpinnar

479 kr/pk
599 kr/pk

20%

Frysti-tilboð



Bætiefni frá VitaYummy

30%



Hæ, hó, jibbí, jei!



Opnunartímar á 17. júní

Krossmói
Opið 10–19

lðavellir
Opið 10–21



Betra verð með appinu!



Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Erlingur Jónsson, einkasýning og Inn í ljósið, úr safneign

Listasafn Reykjanesbæjar opnar tvær sýningar miðvikudaginn 12. júní kl. 17:00–19:00 í 30 ára afmælisviku Reykjanesbæjar.

Erlingur Jónsson

Í innri sal verður sýning á verkum listamannsins Erlings Jónssonar (1930–2022) úr einkasafni fjölskyldu hans. Einnig verða sýndar ljósmyndir af listamanninum sem eru í eigu listasafnsins.

Erlingur fæddist í Mókoti á Vatnsleysuströnd, ólst upp lengst af í Hafnarfirði og flutti Keflavík þar sem hann starfaði sem kennari til fjölda ára. Erlingur einbeitti sér alla tíð að listsköpun meðfram kennslustörfum, hafði frumkvæði af því að stofna Baðstofuna, myndlistarskóla í Keflavík, og einnig vann hann lengi með Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara. Erlingur fór til Noregs á áttunda áratugnum til þess að mennta sig í myndlist, að loknu námi kenndi hann við framhaldsskóla í Osló og síðan við listadeild háskólans í Osló.

Árið 1991 var Erlingur fyrstur til þess að hljóta útnefninguna bæjarlistamaður Keflavíkur, nú Reykjanesbæjar, en stór hluti útlitaverka þegarins eru eftir hann.

Einnig eru skúlptúrar eftir Erling á opinberum stöðum í Noregi og Danmörku.

Inn í ljósið

Listasafn Reykjanesbæjar er að flytja safneign sína í nýtt varðveisluhús í sumar og í því ferli hefur ýmislegt dýrmætt komið í ljós. Sýningin „Inn í ljósið“ samanstendur af verkum úr safneign og aðallega landslagsverkum eftir íslenska listmálara. Þar á meðal er verk eftir Jóhannes S. Kjarval sem listasafnið fékk að gjöf frá Íslandsbanka.

Listamenn:

Áki Gränz, Ásgrímur Jónsson, Ásta Árnadóttir, Ásta Pálsdóttir, Einar Falur Ingólfsson, Eiríkur Smith, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Guðmundur Mariasson, Gunnhildur Þórðardóttir, Gunnlaugur St. Gíslason, Ilmur Stefánsdóttir, Jóhannes Geir Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Magnús Á. Arnason, Ólafur Túbals, Pétur Friðrik Sigurðsson, Sigmar V. Vilhelmsson, Þorlákur R. Haldorsen.

Sýningarnar munu standa til 18. ágúst 2024.



Verk sem verða á sýningunni í Listasafni Reykjanesbæjar.

SUÐURNESJA
magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Ópið:
11-13:30
alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Veðrið skiptir okkur öll miklu máli

Mjög margir pistlar sem ég skrifa hafa byrjað á einhverju sem tengist veðrinu því jú, veðrið skiptir okkur öll ansi miklu máli. Sérstaklega núna yfir sumartímann þegar að strandveiðarnar eru í gangi því bátarnir sem stunda þær veiðar eru mjög háðir veðrinu út af því hve litlir þeir eru.

Júnímánuður byrjaði vægast sagt frekar illa því það var heil vika sem fór í súginn hjá svo til öllum bátunum og aðeins á mánudaginn fyrir um viku síðan komust átta bátar á sjó frá Sandgerði og síðan var ekkert meira róid það sem eftir var af vikunni.

Þessir átta bátar sem réru voru Herborg HF með 449 kg, Kiddi GK með 817 kg, Séra Árni GK með 601 kg, Deilir GK með 866 kg, Dímon GK með 853 kg, Snorri GK með 795 kg og Arnar AR með 904 kg, allir lönduðu í Sandgerði og síðan í Keflavík var Snatri KÓ með 110 kíló.

Töki ST fór einn á sjóinn 6. júní og náði að kroppa upp 380 kíló en báturinn landaði í Keflavík.

Reyndar þegar þessi pistill var skrifaður þá voru allir bátar á sjó og voru all margir sem náðu yfir eitt tonn. T.d. Arnar AR sem kom með 1,6 tonn, Snorri GK sem var með 1,4 tonn, Dímon GK með 1,3 tonn og Jói í Seli GK með 1,5 tonn. Hjá öllum þessum bátum var töluvert af ufsa í aflanum.

Þessi vika byrjar semsé vel og miðað við þessa blessuðu veðurspá þá má búast við því að bátarnir geti róid alla þessa fjóra daga í vikunni sem þeir mega veiða.

Annars er mjög rólegt yfir að líta núna, enginn netabátur er á veiðum, ekki bara á Suðurnesjum heldur á öllu Íslandi.

Dragnótabátarnir eru á veiðum og var Aðalbjörg RE með 10,7 tonn í einni löndun og uppistaðan í þeim afla er koli. Benni Sæm GK með 7,3 tonn í tveimur róðrum, Siggi Bjarna GK með 6,2 tonn í tveimur, Sigurfari GK landaði líka en tölur um bátinn voru ekki komnar þegar þessi pistill var skrifaður.



AFLA FRÉTTIR Á SUÐURNESJUM

Gísli Reynisson
gisli@afllafrettir.is

Frystitogarinn Tómas Þorvaldsson GK kom til Hafnarfjarðar með 805 tonn og var þorskur af þeim afla 330 tonn. Gjögurskipin lönduðu líka í Hafnarfirði, Vörður ÞH með 153 tonn í tveimur túrum og Áskell ÞH með 149 tonn, sömu leiðis í tveimur.

Báðar útgerðir þessara skipa hafa verið í fréttum núna síðustu daga. Gjögur hf sem gerir út Vörð ÞH og Áskell ÞH hefur keypt sextán íbúðir handa sjómönnum sínum sem eru á togurunum en skipin er að mestu mönnuð fólki frá Grindavík og blessaða náttúran okkar er ekkert á því að hætta því sem hún er að gera í bænum, því er þessi leið sem Gjögur gerir ansi sniðug.

Hitt fyrirtækið, Þorbjörn, sem gerir út Tómas Þorvaldsson GK og Hrafn Sveinbjarnarson GK, tók þá ákvörðun að segja upp 56 starfsmönnum sínum og ætlar fyrirtækið að nota sumarið í að fara yfir hvernig reksturinn muni verða. Fyrirtækið á sér um 70 ára sögu í Grindavík en það sem er í gangi í Grindavík og við Grindavík

er eitthvað sem virðist ekki sjá neitt fyrir endann á. Því er skiljanlegt að fyrirtækið endurhugsi rekstur sinn en Þorbjörn gerir út fyrrnefnda frystitogara, ísfisktogarann Sturlu GK og línubátinn Valdimar GK en þeir tveir síðastnefndu hafa séð landvinnslunni fyrir hræfni.

Semsé, greinilegt að veður og náttúran eru að stjórna mjög miklu hjá okkur þetta árið og það sér ekki fyrir endann á því.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

SUMMAR
FRIIIIIIIIIIIIII

4 VIKUR

26 kr.

AFSLÁTTUR

NÁNAR Á ORKAN.IS



Náðu í
Orkulykilinn
í símann!



Fagurgrænn Stakkavíkurföllur í Grindavík

Stakkavíkurföllurinn í Grindavík er fagurgrænn eftir að hann var sleginn síðasta föstudag. Völlurinn er hins vegar ekkert notaður, þar sem heimavöllur Grindavíkur er í Reykjavík þetta sumarið. Grindavíkingar hafa þó áhuga á að spila a.m.k. einn leik í Grindavík í sumar og Haukur Guðberg Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, staðfesti í samtali við Fótbolti.net að félagið hafi sótt um að fá að spila einn leik í Grindavík í sumar. Það fer svo eftir regluverkinu hjá viðbragðsaðilum hvað þurfi að gera svo hægt sé að spila leikinn, en Grindavíkingar hafa áhuga á að leika í Grindavík gegn Þór Akureyri miðvikudaginn 14. ágúst. Myndirnar voru teknar með dróna yfir Grindavíkurfellinum síðdegis á föstudag. VF/Hilmar Bragi

Magnús genginn úr meirihlutasamstarfinu í Suðurnesjabæ

Magnús S. Magnússon, bærarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er genginn úr meirihlutasamstarfinu í Suðurnesjabæ. Hann sagði í samtali við visir.is að trúnaðarrestur meðal sjálfstæðismanna í bærarstjórninni hafa valdið því að hann gekk úr meirihlutasamstarfinu. Það er því ljóst að meirihlutinn í Suðurnesjabæ er fallinn. Meirihlutinn var skipaður þremur mönnum Sjálfstæðisflokksins og tveimur frá Framsóknarflokki. Í minnihluta voru tveir fulltrúar Samfylkingar og tveir frá Bæjarlista.

Í atkvæðagreiðslu um staðsetningu gervigrasvallar klofnaði meirihlutinn á bærarstjórnarfundum síðustu viku. Þar klofnaði

Sjálfstæðisflokkurinn í afstöðu sinni til staðsetningu vallarins. Atkvæði féllu reyndar þannig í bærarstjórninni að þeir fimm bærarfulltrúar sem búa í Sandgerði kusu með staðsetningu gervigrasvallarins í Sandgerði. Þeir fjórir bærarfulltrúar sem búa í Garði greiddu atkvæði á móti.

Síðar á bærarstjórnarfundinum var bærarráð endurnýjað. Þar missti Magnús S. Magnússon sæti sitt til flokksfélaga síns, Einar Jóns Pálssonar. Breytingin á bærarráði var samþykkt með sex atkvæðum gegn þremur. Tveir fulltrúar Framsóknarflokks og Magnús S. Magnússon voru á móti.



Magnús Sigfús Magnússon í pontu á síðasta fundi bærarstjórnar Suðurnesjabæjar.



Nesvellir í Reykjaneshæ eru nú í eigu fasteignafélagsins Reita.

Reitir kaupa Nesvelli

Reitir og Kjölur fasteignir hafa undirritað samkomulag um kaup Reita á Njarðarvöllum 4 í Reykjaneshæ. Húsið að Njarðarvöllum 4 var byggt 2008 og er 2.338 fermetrar að stærð. Fasteignin hýsir Nesvelli dagdvöl aldraðra í Reykjaneshæ. Leigusamningur er við Reykjaneshæ til 2038. Áætlað er að afhending eignarinnar eigi sér stað eigi síðar en 1. ágúst nk.

„Kaup húsnæðis dagdvalarinnar á Nesvöllum markar fyrsta skrefið í vaxtarvegferð Reita innan nýrra samfélagslegra mikilvægra eignaflokka. Sem stærsta fasteignafélag landsins á sviði atvinnuhúsnæðis búa Reitir yfir gífurlegri reynslu og þekkingu á rekstri og viðhaldi húsnæðis. Við lítum á það sem okkar hlutverk og ábyrgð að beina okkar kröftum til uppbyggingar og eflingar þeirra samfélagslegru

innviða sem samfélagið kallar á hverju sinni. Við stefnum á frekari fjárfestingar í eignum sem svara breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og horfum sér í lagi til hjúkrunarheimila og lífsgæðakjarna í þeim efnum,“ segir Guðni Aðalsteinsson, forstjóri Reita, í tilkynningu.

Um Reiti fasteignafélag

Reitir er leiðandi fyrirtæki í fasteignapróun ásamt rekstri og eignarhaldi atvinnuhúsnæðis. Innan eignasafns Reita eru um 460 þúsund fermetrar atvinnuhúsnæðis í rekstri auk 700 íbúða og 140 þúsund fermetra atvinnuhúsnæðis í þróun. Félagið leggur áherslu á sjálfbæra uppbyggingu innviða og langtíma leigusambönd þar sem sameiginlegur ávinningur leigutaka, okkar og samfélagsins eru lykilatriði. Fyrirtækið er almenningshlutafélag skráð í Kauphöll síðan 2015. Eigendur eru að stærstum hluta íslenskir lífeyrisgjóðir.



Fá 22,5 milljarða króna lán vegna Grindavíkur

Þróunarbanki Evrópu samþykkti í síðustu viku 150 milljóna evra lánsúmsókn íslenska ríkisins vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga, sem samsvarar um 22,5 milljörðum íslenskra króna á gengi dagsins.

Í fundargerð bankans um úmsókn Íslands segir að tilgangur lánsins sé að aðstoða ríkið við að veita Grindavíkingum nauðsynlega aðstoð.

Segir þar einnig að um 70% af láninu verði greitt út við undirritun til að hraða aðstoð stjórnvalda.



Húsnæði Bústoðar við Tjarnargötu í Keflavík.



Bústoð mun opnar verslun í þessu húsnæði í Miðhrauni 24 í Garðabæ í haust.

Bústoð opnar í Garðabæ næsta haust

Húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð, sem fagnar 50 ára afmæli á næsta ári, mun opna nýja verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ næsta haust. Bústoð hefur verið starfrækt í Reykjanesbæ frá árinu 1975 og hefur notið mikilla vinsælda fyrir vönduð húsgögn á góðu verði. Um er að ræða viðbót við núverandi starfsemi en verslun félagsins við Tjarnargötu í Reykjanesbæ mun áfram sinna ört stækkandi viðskiptavinahópi á Suðurnesjunum.

Fyrirhugað er að nýja verslunin að Miðhrauni opni í lok september 2024 og eru framkvæmdir innandyrna á lokametrunum.

Björgvin Arnason, framkvæmdastjóri og eigandi Bústoð:

„Markmiðið með opnun á nýrri verslun er að bæta þjónustu við

viðskiptavini á höfuðborgarsvæðinu en þar eigum við marga trausta viðskiptavini og finnum fyrir mikilli eftirspurn. Bústoð er rótgróið fyrirtæki sem hefur náð góðum árangri í sölu innan sem utan Suðurnesja. Við bjóðum upp á vönduð húsgögn frá þekktum vöru-

merkjum sem hafa notið vinsælda hér á landi, eins og Calia Italia og skandinavískar vörur frá Skovby og Furnhouse. Við leggjum mikið upp úr góðri, persónulegri þjónustu og hóflegri álagningu alla daga ársins Birgitta Ósk Helgadóttir, vers-

unarstjóri Bústoð að Miðhrauni og eigandi Bústoð:

„Verslunin í Garðabæ verður einstaklega falleg, opin, björt og notaleg. Þar munum við bjóða upp á allar okkar vinsælustu vörur ásamt töluvert af nýjungum. Um er að ræða glæsilegan 500 fermetra sýningarsal, þar sem við hlökkum mikið til að taka á móti landsmönnum. Við munum sömuleiðis bjóða upp á úrval af klassískri gjafavöru frá Iittala, Bitz, Royal Copenhagen, Moomin ásamt nýrri og spennandi vöru.“

Sigurður E. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Smáragarðs ehf., sem er eigandi fasteignarinnar að Miðhrauni 24:

„Við erum mjög ánægðir með að fá Bústoð inn í húsnæði okkar að Miðhrauni. Ég þekki Bústoð af góðu einu sem gamall viðskiptavinur og var því spenntur fyrir þessari hugmynd þegar hún kom upp. Nýlega opnaði ný og glæsileg Bónusverslun í húsnæðinu og því má segja að þarna sé komin góður verslunarkjarni á frábærum stað, nánast miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.“

Júnítilboð

25% afsláttur af öllum vörum út júní.

*gildir ekki af linsum



Optical Studio

REYKJANESBÆR

opticalstudio.is | Hafnargata 45 | 421-3811

Bærinn í hrauninu



Á stóru myndinni má sjá hvernig hraunið umliggur byggðina í Grindavík eftir eldgosíð sem hófst 29. maí og stendur enn. Hrauntungan vestan við bæinn rann á fyrsta degi gossins og var orðin stöpp um kvöldið þann 29. maí. Nú eru hins vegar hrauntjarnir að breyta sem valda því að hraun er að ógna Grindavíkurveginum norðan við Svartsengi. Myndirnar af Grindavík tók Hilmar Bragi í flugi síðdegis á mánudag.

Land rís að nýju og hrauntjörn gæti tæmt sig og valdið öðru áhlaupi á Grindavíkurveg

Eldgosið við Sundhnúksgígaröðina sem hófst 29. maí helst stöðugt. Einn gígur er virkur og hefur virknin verið svipuð síðustu daga. Skjálftavirkni hefur verið afar lítil síðustu viku, einungis örfáir skjálftar hafa mælst.

Eins og greint var frá á vef Vísir um liðna helgi tók hraunstreymi að aukast neðan við Sýlingarfell til vesturs og Grindavíkurvegur fór undir hraun á þeim slóðum í þriðja

sinn frá því eldvirknin hófst við Sundhnúk í nóvember síðastliðin. Enn er hreyfing á hrauntungunni sem rennur nú til norðvestur eftir svipuðum farvegi og sú sem rann yfir Grindavíkurveg á laugardag. Virkur jaðar hennar er þó enn í nokkur hundruð metra fjarlægð frá veginum og hreyfist afar hægt. Hraun safnast enn í hrauntjörn rétt suðaustan Sýlingarfells sem gæti tæmt sig að nýju og komið af stað öðru

áhlaupi á næstu dögum, segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands, sem send var út á þriðjudag, 11. júní.

Þá litur út fyrir að landris sé hafið að nýju síðan um helgina og landsigið sem mældist fyrstu daga gossins því lokið. Ekki er hægt að meta hraðan á landrisinu á þessari stundu, en gera megi ráð fyrir að innflæði kviku í kvikusöfnunarsvæðið sé orðið meira en útstreymi úr gígnum.



Hraun rennur yfir Grindavíkurveg í þriðja sinn síðasta laugardag. Hraunið rann hægt en örugglega áfram yfir veginn.



Vegur yfir hraunið á Nesvegi



Allra augu á Svartsengi

Hitaveituaðin frá Svartsengi til Fitja

Orkuver HS Orku í Svartsengi

Hraun yfir Grindavíkurvegi á stórum kafla

Sprungu og hitauppstreymi í varnargarði eftir síðasta gos

Allra augu eru á Svartsengi þegar kemur að hraunstraumi frá eldgosunum við Sundhnúkagigaröðina. Hraunið hefur þrisvar sinnum runnið yfir Grindavíkurveg norðan varnargarða við Svartsengi. Þá hefur hraunið einnig runnið tvívegis yfir Grindavíkurveg sunnan við Þorbjörn. Myndin hér að ofan var tekin á mánudag og fangar nokkuð vel aðstæður. Neðst á myndinni er varnar- og leiðigarður ofan byggðarinnar í Grindavík. Ofan við þann garð hefur mikið magn af hrauni runnið alla leið vestur fyrir byggðina í Grindavík. Er svo komið að endurskoða þarf lagningu Grindavíkurvegar á þessum slóðum.

Kjartan Már Kjartansson hefur starfað sem bærarstjóri Reykjanesbæjar frá 1. september 2014. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi bæjarfélagsins og sér um að samþykktum bæjarstjórnar og ákvörðunum tengdum fjárhagsáætlun sé fylgt eftir. Í þrjátíu ára sögu Reykjanesbæjar hafa setið þrjú bæjarstjórar. Kjartan Már frá árinu 2014, en á undan honum var Árni Sigfússon bæjarstjóri í tólf ár, frá 2002 til 2014. Ellert Eiríksson var hins vegar fyrsti bæjarstjóri Reykjanesbæjar og gegndi því embætti frá stofnun sveitarfélagsins árið 1994 og til ársins 2002 eða í átta ár. Víkurfréttir fengu Kjartan Má í heimsókn á ritstjórnina og fyrsta spurningin var um það hvernig afmælisbarnið Reykjanesbær hefði það?

Jarðhræringar og mikil íbúafjölgun helstu áskoranir Reykjanesbæjar



Hvernig hefur afmælisbarnið það?

„Afmælisbarnið er bara nokkuð vel haldið. Það hefur stækkað mikið og þroskast. Það er orðið mjög sjálfstætt og stendur á traustum fótum.“

Það hefur stækkað hratt.

„Já, undanfarin misseri hefur það stækkað hratt. Áður stækkaði það bara hæfilega og jafnt en undanfarin misseri hefur það stækkað hratt. Síðustu tíu ár hefur það vaxið um 50%, þannig að frá 20 ára til 30 ára hefur afmælisbarnið stækkað um helming og það er ansi mikið. Þetta er mikil áskorun að öllu gamni slepptu fyrir okkur öll, íbúana og stjórnsluna, sem að þessu koma.“

Þú ert búinn að vera með puttana í málum Reykjanesbæjar á einn eða annan hátt í þessi þrjátíu ár. Þú hefur tekið þátt í bæjarstjórninni sem bæjarfulltrúi og nú hin síðari ár sem bæjarstjóri.

„Ég er eiginlega búinn að vera í þessu allan tímann. Ég gerðist varabæjarfulltrúi árið 1994, þegar afmælisbarnið fæddist. Ég var varabæjarfulltrúi frá 1994 til 1998 og var svo í bæjarstjórn frá þeim tíma til 2002 í meirihlutasamstarfi fyrir Framsókn. Þar vorum við Skúli Skúlason í bæjarstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Ég var svo í minnihluta frá 2002 til 2006.“

Hvernig finnst þér svo hafa tekist til með sameinað sveitarfélag Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna?

„Mér finnst það að lang flestu leyti hafa tekist mjög vel til. Ég held að þetta hafi verið mikið gæfuspör fyrir okkur íbúa sem hér búum. Ég er líka minnugur orða Ellerts Eiríkssonar vinar míns, blessuð sé minning hans. Hann sagði alltaf að það tæki þrjár kynslóðir að sameina sveitarfélag eða sveitarfélög.

Ég held að þetta, eins og allt annað sem kom frá þeim mæta manni, sé rétt. Þetta tekur tíma og ég held að þessar þrjár kynslóðir séu búnar að ganga í gegn. Það er að nást sátt. Það er samt alltaf einn og einn sem maður hittir sem telur að þetta hafi verið röng ákvörðun. En ég held að lang, langflestir, og sérstaklega allir þessir nýju íbúar sem hingað hafa flutt frá sameiningunni, séu ekkert að pæla í því hvort þeir séu í Keflavík eða Njarðvík. Þeir eru bara í Reykjanesbæ og það eru alltaf fleiri og fleiri sem lita þannig á að þeir búi í Reykjanesbæ og séu frá Reykjanesbæ. Það er alltaf minna og minna um Keflvíkina og Njarðvíkinga.“

Og vita varla hvar bæjarmörkin voru.

„Já, einmitt. Og þegar maður útskýrir það fyrir þeim sem ekki bjuggu hér eða tóku þátt í þessu þá hlæja menn og konur af því. Við vitum hvar línan var en þeim

fer hratt fækkandi sem eru að pæla í því.“

Hverjar eru helstu áskoranir Reykjanesbæjar í dag?

„Þær eru all nokkrar. Í fyrsta lagi núna, þegar við erum að tala saman, eru þessar jarðhræringar og eldgos á Reykjaneskaganum. Þó þetta komi ekki beint við okkur hérna, þá vissulega hefur þetta áhrif. Og jarðsagan segir okkur að þetta geti staðið í 100 ár. Þá verðum við að krossleggja fingur og biðja til guðs að það verði nú ekki þannig og þá kannski helst Grindvíkinga vegna. Við vitum ekkert hvernig þetta þróast og hvernig þetta fer allt saman.“

Önnur áskorun er gríðarleg fólksfjölgun sem heldur bara áfram. Þó það kunnist að vera af hinu góða þá er það að mínu mati aðeins of mikið einmitt núna. Okkur er að fjölga um rúm sex prósent á ári sem þýðir að við þurfum að hafa okkur öll við að reisa grunnskóla og leikskóla, gera nýjar

götur og hverfi. Við huggum okkur þó við það að það væri helmingi verra ef þetta væri í hina áttina og íbúar væru að flýja og fara í burtu og þeim myndi fækka.“

Þriðja stóra áskorunin tengist íbúafjölguninni, sem er að mestu leyti fólk af erlendum uppruna. Yfir 90% af íbúafjölguninni er fólk af erlendu bergi brotið. Við höfum sagt það mörgum sinnum að núna eru yfir 100 þjóðerni sem búa í sveitarfélaginu og það eru á milli þrjátíu og fjórutíu tungumál töluð í leik- og grunnskólum bæjarins. Hún reynir mjög mikið á allt og alla þessi fjölmenningu, sem þetta náttúrulega er. Við þurfum að læra af þeim þjóðum sem hafa þegar gengið í gegnum nákvæmlega þetta sama, eins og Norðurlöndin fyrir áratugum síðan. Við erum með mjög gott fólk að vinna í þessum málum. Smátt og smátt snertir þetta allar hliðar samfélagsins og við höfum alveg orðið vör við það og það er mjög mikil áskorun.“

Hvernig hefur gengið að tækla þennan málaflökk?

„Ég vil segja mjög vel. Íbúar sem hingað hafa flust og eru af erlendu bergi brotnir og hafa sest hér að, eru upp til hópa ánægðir með að búa hér og eru í góðum störfum.“

Hins vegar vitum við líka að hér er annar hópur af erlendu bergi brotinn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og það er mjög mikilvægt að rugla þessu ekki saman. Það er meiri ágreiningur meðal íbúa okkar um þann hóp og við finnum alveg fyrir því. Þeim líður alls ekki öllum vel sem tilheyrir þeim hópi. Þeir eru að koma úr alls konar mismunandi aðstæðum í sínum heimalöndum. Þeir eru kannski í bráðabirgðahúsnæði hér og ófullnægjandi að þeirra mati, mörg saman í litlu rými. Það er mikil áskorun fyrir okkar að vita bara af því. Þetta er ekki á okkar vegum, þetta er á



Við þurfum að læra af þeim þjóðum sem hafa þegar gengið í gegnum nákvæmlega þetta sama, eins og Norðurlöndin fyrir áratugum síðan. Við erum með mjög gott fólk að vinna í þessum málum. Smátt og smátt snertir þetta allar hliðar samfélagsins og við höfum alveg orðið vör við það og það er mjög mikil áskorun.

vegum íslenskra stjórnvalda, ríkisins. Einverra hluta vegna, og við vitum af hverju, þá er þetta í svona miklu mæli hér hjá okkur. Það er fyrst og fremst útaf því að þegar þessi bylgja hófst var mikið framboð á lausu húsnæði sem íslensk stjórnvöld hafa tekið á leigu. Svo heyrum við sögur af því að það var ekki bara verið að taka á leigu húsnæði sem var laust, heldur var verið að bjóða í húsnæði sem ekki var laust og bjóða betur en aðrir. Og þetta hefur valdið allskonar leiðindum og áskorunum. Þetta er ekki alveg nógu gott.“

Þetta hefur valdið úlfúð hjá ákveðnum hópi.

„Já, þetta er af því og við finnum alveg fyrir því.“

Afmælisbarnið Reykjanesbær dafnar vel og hefur stækkað mikið. Yfir 100 þjóðerni búa í sveitarfélaginu. Reksturinn hefur batnað mikið þrátt fyrir sífelldar áskoranir.

Við ræddum áðan þessa miklu fjölgun og hún hefur valdið álagi á innviði, þar sem hafa orðið áföll.

„Þá ertu væntanlega að vísa til rakaskemmda og myglu á leik- og grunnskólum. Þetta er allt saman hárrétt og við erum að vinna mikið og vel í því. Við erum að fara í algjöra endurbyggingu á Myllubakkaskóla og Holtaskóla ásamt einstaka leikskólum. Á sama tíma erum við að byggja þrjá nýja leikskóla og nýjan grunnskóla í Innri-Njarðvík. Við erum að hanna og teikna fleiri skóla og skipuleggja. Þessar viðgerðir munu kosta, þegar upp er staðið, einhvers staðar á bilinu níu til tíu milljarða króna, sem er mikil áskoran þó svo fjárhagur Reykjanesbæjar sé alltaf að verða traustari og traustari, þá erum við ennþá skuldbar sveitarfélag. Við skuldum ennþá á fimmta tug milljarða króna og við viljum ekki vera að bæta við okkur skuldum eða taka mikið af lánum. Á sama tíma þurfum við að byggja og fjármagna framkvæmdir, svo þetta er ákveðið þúsl sem þarf að ganga upp.“

Við höfum nýlega flutt fréttir af því að það þurfi á næstu árum að verja einhverjum tugum milljarða í uppbyggingu innviða í sveitarfélaginu. Hver er þín sýn á nánustu framtíð Reykjanesbæjar, segjum næstu tíu ár?

„Er er mjög bjartsýnn fyrir hönd Reykjanesbæjar næstu ár og áratugi. Reykjanesbær mun komast í gegnum þetta allt saman. Það munu koma tímabil þar sem verða þrengingar þegar við erum að reyna að ná utan um þessa miklu uppbyggingu án þess að taka lán. Við erum að reyna það.“

Bæjarstjórn hefur samþykkt gjaldtöku vegna innviða og byggingaréttar og það hefur tekið gildi. Mörg af stærri sveitarfélögum landsins hafa verið að innheimta



MYNDSKEIÐ 
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

þetta gjald í mörg ár til að standa undir þeirri miklu fjárfestingu sem innviðir kalla á. Landeigendur, verktakar og aðrir eru ekkert endilega mjög sáttir við þetta en bæjarstjórn er búin að taka ákvörðun og þetta hefur tekið gildi. Við munum komast í gegnum þetta en það mun reyna á á tímabilum, stundum verður erfitt og stundum auðveldara. Við skiludum t.d. mjög góðum ársreikningi núna fyrir síðasta ár, langt umfram það sem við getum sagt að sambærileg sveitarfélög eru að gera. Svo kemur þetta

í bylgjum og stökkum. Þó það hafi gengið vel í fyrra, þá er það ekki trygging fyrir því að það gangi vel í ár eða á næsta ári.

Það er hafin afmælisvika í Reykjanesbæ. Hvað eru bæjarbúar að gera sér til skemmtunar?

„Ég vona að þeir séu að sækja þá viðburði sem eru í boði, hvort sem það eru tónleikar eða myndlistarsýningar og ýmislegt það sem hér býðst.“

Það var haldinn hátíðarfundur í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í gær,

þriðjudag, þar sem útnefndir voru tveir heiðursborgarar, þau Albert Albertsson verkfræðingur og Sólveig Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

Bæjarstjórn setti á stöfn afmælisgjöld þar sem einstaklingar, hópar og félagasamtök gátu sótt styrki í eitthvað sem þau ætluðu að framkvæma í tilefni af afmælinu. Sumir viðburðir eru þegar afstaðnir, annað verður í boði í þessari viku og þá verða viðburðir áfram inn í árið, á Ljósanótt og jafnvel lengur.“

Við erum að fara í algjöra endurbyggingu á Myllubakkaskóla og Holtaskóla ásamt einstaka leikskólum. Á sama tíma erum við að byggja þrjá nýja leikskóla og nýjan grunnskóla í Innri-Njarðvík. Við erum að hanna og teikna fleiri skóla og skipuleggja. Þessar viðgerðir munu kosta, þegar upp er staðið, einhvers staðar á bilinu níu til tíu milljarða króna.

Í Suðurnesjamagasíni, sem verður á dagskrá síðar í vikunni, verður ítarlegra viðtal við Kjartan Má. Þar verður einnig rætt við Guðnýju Birnu Guðmundsdóttir, forseta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, í tilefni af afmælinu og sýnt frá viðburðum sem hafa átt sér stað í afmælis vikunni.

VF REYKJANESBÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Landgræðslustarf Stóru-Vogaskóla í fjóra áratugi frá 1984 til 2024

Stóru-Vogaskóli í Vogum er vel í sveit settur til umhverfiskennslu. Við húsvegginn er góð útivistarfjara og einnig lífrík tjörn, Vogatjörn. Landið umhverfis er mólendi, víða með jarðvegssárum, sem þörf er á að græða upp. Mörg þeirra sára eru í göngufæri frá skólanum.

Nemendur hafa með aðstoð kennara og annarra starfsmanna skólans, sinnt uppgræðslu nær samféllt í fjóra áratugi. Á vorin er einum kennsludegi varið til þeirrar vinnu. Þá er grasfræi sáð, áburði dreift og trjáplöntur gróðursett. Áhugasamir starfsmenn hafa staðið fyrir grassáningunni, Særún Jónsdóttir kennari hefur allan tímann verið þar fremst í flokki. Í samvinnu við Landgræðsu- og skógræktarfélagið Skógfell í Vogum hafa verið gróðursett trjáplöntur í rýrt mólendi, síðustu tvo áratugi við Háabjalla.

Stóru-Vogaskóli er Grænfána-skóli. Starfandi er umhverfisnefnd í skólanum, skipuð nemendum og kennurum. Í umhverfisstefnu skólans sem lesa má á vef skólans hér, segir meðal annars: „Við græðum upp land og ræktum skóg. ... Nemendur í 1.- 4. bekk Stóru-Vogaskóla vinna við landgræðslu einn dag í lok skólaárs.“ Fyrstu árin sá sveitarfélagið um að útvega áburð og grasfræ, en lengst af hefur Landgræðsla ríkisins lagt til áburð og fræ. Á sama tíma vinna 5.- 7. bekkingarH að gróðursetningu með trjáplöntur frá Yrkju.

Að auki hefur rusl verið flokkað, undir stjórn umhverfisnefndar skólans. Leitast er við að spara orku og henda sem minnstu af mat og læra sem mest um umhverfið. Einn vordag fara allir út og hreinsa rusl í og við þéttbýlið í Vogum. Nemendur kalla daginn rusladag.

Stóru-Vogaskóli fékk Landgræðsluverðlaunin 2014. Verð-



launin voru afhent við hátíðlega athöfn að Minni-Borg í Grímsnesi 22. ágúst. Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, flutti þar ávarp og sagði meðal annars:

„Við erum hér til að heiðra fólk sem hefur lagt á sig mikla vinnu við að vernda og bæta landið. ...

Við erum líka með fulltrúa fræðslu og þekkingar í röðum verðlaunahafa og það er vel við hæfi að það sé Stóru-Vogaskóli. Þar er löng hefð fyrir fræðslu og margþættu starfi á sviði hvers kyns landverndar í umhverfi sem mótað er af náttúruöflum, eldgosum, jarðskjálftum, veðráttunni og síðast og ekki síst hafinu. Það er áskorun að tengja unga fólk

okkar við landið sitt, að fara um það, snerta það og skilja hvernig með það er best farið. Stóru Vogaskóli hefur fetað þá braut af öryggi og vil ég óska skólanum innilega til hamingju með verðlaunin.“

Árangur landgræðslustarfs í skólanum er ekki bara grænir og grónir blettir úti um móa heldur líka ungt fólk sem skynjar þörfina á að hlúa að gróðri og hefur lært talsvert til verka á því sviði.

Tekið saman í maí 2024,

Særún Jónsdóttir og Þorvaldur Örn Arnason, fyrrum kennarar við skólann og formenn umhverfisnefndar.



Vertu með í veislunni!

Þann 11. júní voru 30 ár frá því að Reykjanesbær varð til við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Blásið er til veislu í sveitarfélaginu af því tilefni sem hófst á afmælisdaginn sjálfan þriðjudaginn 11. júní og stendur fram á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Íbúar eru hvattir til að fagna þessum áfanga og taka þátt í þeim viðburðum sem verða á dagskrá í afmælisvikunni. Viðburðirnir eru kynntir á 30ara.is. Frítt í sund, strætó og á söfnin alla afmælisvikuna 11.-17. júní.

Í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar verða gróðursett 30 tré í sérstakan afmælislund við Kamb í Innri-Njarðvík 12. júní kl. 14:00. Íbúar sem verða 30 ára á árinu, fædd árið 1994 muna sjá um að gróðursetja.

Krakkafjör í Fimleikaakademíunni miðvikudaginn 12. júní kl. 17:00

Sannkölluð fjölskylduskemmtun verður í í tilefni 30 ára afmæli Reykjanesbæjar þar sem yngri börnum og foreldrum þeirra gefst tækifæri til að hreyfa sig saman og hafa gaman. Íþróttalíkurinn og Solla stírða mæta á staðinn og skemmta börnunum og bjóða upp á hollar veitingar.

Sumarkvöld í Reykjanesbæ 13. júní

Tilboð í verslunum og á veitingastöðum sem eru í Betri Bæ. Opið til kl. 22. Velkomin í Betri Bæ!

Söguganga í Höfnum 13. júní kl. 20

Ármann Guðmundsson, fornleifafræðingur, mun leiða gesti um minjarsvæðið í Höfnum þar sem skáli frá 9. öld fannst og segja frá rannsókninni á honum. Skálinn var líklega reistur fyrir þann tíma sem almennt er talið að landið hafi verið numið, og virðist hann hafa verið í notkun fram á 10. öld. Gangan hefst við kirkjuna.

Svipmyndir úr sögunni 14. jún í kl. 15

Ný söguskilti við strandleiðina verða formlega vígð neðan við Duus safnahús. Á skiltunum má sjá svipmyndir frá Reykjanesbæ fyrri tíðar ásamt stuttum sögumolum. Skiltunum er ætlað að hvetja íbúa til útivistar og kynnast bænum sínum og sögu hans betur.

Þrautabraut í Vatnaveröld

Dagana 15. júní frá 13.00-18.00 og 16. júní frá 9.00-18.00 verður þrautabraut í Vatnaveröld í tilefni 30 ára afmælis Reykjanesbæjar.

Litahlaup fyrir alla fjölskylduna

Laugardaginn 15. júní verður litahlaup fyrir alla fjölskylduna í tilefni 30 ára afmælis Reykjanesbæjar. Hlaupið verður frá Íþróttahúsinu við Sunnubraut 1,5 km hringur fram hjá nokkrum litastöðvum.

Fjórið hefst kl. 13.00 með partý-stemmingu, DJ, dansi og upphitun. Allir hlauparar fá svo hressingu að hlaupi loknu frá Ölgerðinni. Stuð og stemming fyrir alla aldurshópa sem eru hvattir til að mæta í litríkum fötum. Að hlaupi loknu er svo tilvalið að skella sér í sund í Vatnaveröld þar sem þrautabrautin verður opin. Frítt er á viðburðinn!

Rís þú, unga Íslands merki

Um þessar mundir er því fagnað að 80 ár eru liðin frá stofnun lýðveldisins. Þann 17. júní 1944 tók ný stjórnarskrá landsins gildi og lýðveldishátíð var haldin á Þingvöllum. Þangað fylktu landsmenn liði og er talið að á bilinu 25-30 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Sýndur verður fáninn sem var hylltur á lýðveldishátíðinni en hann er engin smásmíði að stærð, rúmir 23 fermetrar.

Afmælisvikunni mun svo ljúka á sjálfan þjóðhátíðardaginn með dagskrá í tilefni dagsins. Sjá nánar á 30ara.is og í auglýsingu í blaðinu.



Hæsta einkunn í sögu FS

„Sundið hjálpaði mér mikið því það þarf mikinn aga til að ná árangri í sundi, þann aga tileinkaði ég mér í náminu og þetta er afraksturinn,“ segir dúx Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Alexander Logi Chernyshov Jónsson. Alexander gerði sér lítið fyrir og sló met hvað varðar hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi í FS; 9,97.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Alexander hefur ekki alltaf verið svona mikill námshestur.

„Ég var víst ekkert sérstaklega þægilegt barn, var líklega ofvirkur eða eitthvað svo mér gekk ekkert sérstaklega vel í skóla til að byrja með, var t.d. ekkert mjög fljótur að verða læs en hef alltaf verið flinkur í stærðfræði. Það breyttist síðan eitthvað hjá mér þegar ég færði mig yfir í Njarðvíkurskóla, ég var þá kominn í góðan félagskap krakka sem voru með mér í sundinu og kennarnir þar náðu einhvern veginn betur til mín, hvöttu mig áfram og eftir það fékk ég miklu meiri áhuga á náminu. Það er nánast grundvallaratriði að hafa áhuga á viðkomandi námsgrein og ef maður vill getur maður fundið áhuga fyrir öllum fögum. Ég útskrifaðist með góðar einkunnir úr grunnskóla en það er allt í bókstöfum, ég var samt ekki með eins góðar einkunnir og bróðir minn sem var að útskrifast núna. Kannski athyglisvert að á sama árinu var hann með hæstu einkunn í 10. bekk Njarðvíkurskóla og ég að slá metið í FS, það verður fróðlegt hvort hann slái metið mitt en ég held að hann eigi ekki séns í það. Ég var á raunvísindabraut, þar er mikið um stærðfræði og eðlisfræðiáfangar sem liggur best fyrir mér enda fékk ég 10 í öllum fögum nema einu, fékk 9 í dönsku. Ég tók ekki námið á þremur árum eins og tíðkast í dag, ég vildi frekar klára þetta á fjórum árum og sé ekki eftir því, ég hefði líklega ekki náð þessum einkunnum ef ég hefði klárað á þremur árum. Þegar ég byrjaði var ég á fullu í sundi líka, var í sjö áföngum fyrstu önnina og sá fljótlega að ef ég ætlaði mér að geta stundað sundið líka á fullu, myndi ég ekki getað útskrifast með topp einkunn og tók því námið á fjórum árum.“

Sundmeistari og trommuleikur

Alexander hefur orðið Íslandsmeistari í sundi en ákvað að segja skilið við sundskýluna og einbeita sér að öðru.

„Ég fann hvernig áhugi minn á sundinu minnkaði og því ákvað ég að segja skilið við það en mikið ofboðslega undirbjó sundið mig vel fyrir lífið yfir höfuð held ég, því til að ná árangri í sundi þarf mjög mikinn aga. Æfingar kl. hálf sex á morgnana, styrktaræfingar þar fyrir utan og ég mun seint geta fullþakkað þjálfaranum mínum í sundinu, Steindóri Gunnarssyni. Öll börn hafa gott af því að æfa íþróttir, boltagreinarnar henta ekki öllum og því hvet ég foreldra til að láta börnin sín æfa sund, það mun undirbúa þau vel fyrir lífið. Maður lærir að tileinka sér aga og ég hafði allan tímann í raun mjög gaman af sundi, finnst ennþá gaman að skella mér í sund og synda smá flugsund sem var mín besta grein en eins og ég segi, mér fannst ég ekki hafa tíma í að sinna sundinu sem skyldi,“ segir Alexander.

Móðir Alexanders er söng- og tónlistarkonan Alexandra Chernyshova. Alexander fékk því sömuleiðis tónlistarlegt uppeldi.

„Ég var látinn læra á flest hljóðfæri á grunnskólaaldri en þegar ég fór á fullu í sundið þá hætti ég í tónlistinni. Ef mér yrði skipað að setja tónlistarboltann aftur á loft, myndi ég líklega velja trommusettið, ég endaði á því á sínum tíma.“

Fjármálaverkfræði í HR

Fjármálaheimurinn heillar Alexander en hann hefur unnið fulla vinnu með námi í Arion banka að undanfögnu.

„Ég fann í vetur að mig langaði að fara strax í háskólanám. Ég er búinn að vera vinna hjá Arion banka og fann hvað mig langar til að mennta mig meira í fjármálafræðum. Valið stóð í raun á milli hagfræði í Háskóla Íslands eða fjármálafræði í HR og það síðarnefnda varð ofan á. Ég ætla nú bara að byrja á því að klára þetta Bs.c nám en finnst líklegt að ég myndi vilja taka síðasta árið í skiptinami einhvers staðar úti í heimi. Hvort ég fer svo í mastersnám strax er of snemmt að segja til um, eigum við ekki svo að segja að stefnan sé sett á bankastjórstöðu í framtíðinni,“ sagði dúxinn að lokum.



80%

fækkun umferðaslysa eftir að göngin opnuðu

Öruggari leið í gegnum Vaðlaheiðargöng

- 2014-2018 **27 umferðaslys** þar af 4 alvarleg*
- 2019-2023 **5 umferðaslys** þar af 2 alvarleg*

Engin umferðaslys hafa orðið í göngunum á þeim fimm árum sem liðin eru frá opnun þeirra.

*Heimild: Slysakort Samgöngustofu



VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG


NÝBURAR



Stúlka fædd 6. júní 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
Þyngd: 3488 grömm
Lengd: 49 sentimetrar
Foreldrar: Soffía Rún Skúladóttir og Gunnar Örn Arnarson, Reykjanesbæ
Ljósmóðir: Guðlaug María Sigurðardóttir
Ljósmæðranemi: Sara Björg Pétursdóttir



Stúlka fædd 8. júní kl. 08:51 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
Þyngd: 2954 grömm
Lengd: 48,5 sentimetrar
Foreldri: Emilía Rún Vilhjálmstöðttir
Ljósmóðir: Katrín Helga Steinþórsdóttir



Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum heppnaðist einstaklega vel

■ „Ég er afskaplega stoltur af því að tilheyra þessu samfélagi og íþróttafélaginu okkar, Þrótti,“ segir Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar.

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Vogum í síðustu viku og tókst mjög vel. Fjöldmargir gestir heim-sóttu Vogana og eins voru margir sem komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins, jafnt sjálfboðaliðar sem og starfsmenn Þróttar og Sveitarfélagsins Voga. Þetta var tólfta Landsmótið sem hefur verið haldið en mótið fer fram árlega.

Marteinn var varla kominn á lappir þegar blaðamaður heyrði í honum mánudagsmorguninn 10. júní en mjög mikið var að gera hjá honum dagana fyrir mótið og að sjálfsögðu í mótinu sjálfu, og var hann búinn að ákveða að taka frí þennan dag.

„Ég held ég muni ekki klæða mig í dag, stefni á að slá metið í leti eftir erilsama síðustu daga. Ég er örugglega ekki sá eini sem er eftir mig eftir þessa helgi, allir sjálfboðaliðarnir og annað starfsfólk er örugglega þreytt. Þetta gekk vonum fram og verður seint hægt að full þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum frá Vogum sem lögðu hönd á plóg, eins vil ég minnst á og þakka Jóhanni Ingimar Hannessyni, umsjónamanni fasteigna hjá Sveitarfélaginu Voga og öðru starfsfólki sveitarfélagsins, sem unnu baki brotnu alla helgina og vil ég hér með þakka þeim kærlega fyrir ómetanlegt starf.“

Í framkvæmdanefndinni voru aðilar frá björgunarsveitinni Skyggni, kvenfélaginu Fjólu, Minjafélaginu auk annarra. Frá



frá mínum innstu hjartarótum vil ég segja þetta. Þrátt fyrir að Þróttarar í Vogum hafi átt hugmyndina að því að fá að halda mótið og hafi haldið utan um skipulagið, hefði þetta aldrei verið mögulegt ef við



hefðum ekki notið góðvildar og hjálpssemi hinna fjölmörgu sjálfboðaliða frá Vogunum sem raun bar vitni. Það voru fjöldmargir sem stóðu vaktir í allt að tíu klukkutíma á dag en það skipti engu máli, samheldnin í þessu sveitarfélagi er einstök og ég er afskaplega stoltur af því að tilheyra þessu samfélagi og íþróttafélaginu okkar, Þrótti.“

Keppt er í hinum ýmsu greinum frá fimmtudegi til sunnudags, hvaða greinar eru eftirminnilegastar?

„Boccia-keppnin dregur alltaf til sín flesta keppendur, eins var mjög góð mæting í Strandarhlaupin tvö en tvær vegalengdir voru í boði. Ringó er mjög skemmtileg grein, svipar til blaks þar sem hringjum er kastað á milli, golfklúbburinn okkar hélt utan um golfmótið og í raun væri of langt mál að telja upp allar greinarnar. Okkur reiknast til að um 400 keppendur hafi mætt til leiks og með þeim fullt af aðstandendum svo það var svo sannarlega mikill erill í Vogunum um helgina. Við vorum með nokkra viðburði í kringum keppnisgreinarnar, heimatónleikarnir þrír slógu t.d. í gegn en tveir þeirra voru á föstudagskvöldinu og einir tónleikar á laugardagskvöldinu. Á sama tíma var haldin matar- og skemmtidag-skrá í Tjarnarsalnum okkar og fullt var á báða þessa viðburði. Eins og má sjá á þessari upptalningu þá var varla eitt einasta atriði sem hefði getað farið betur og ef eitthvað ætti að reyna telja til, væri það þáttur veðurguðanna. Við þurfum að fresta hjóltreidunum sem áttu að vera á föstudaginn en þær fóru

fram á mánudagskvöld,“ segir Marteinn.

Fastagestir

Næsta Landsmót fer fram að ári í Fjallabyggð, Marteinn á ekki von á öðru en fastagestirnir láti sjá sig þar og telur þetta mót algerlega eiga heima á hverju ári.

„Þetta er tólfta Landsmótið sem er haldið og greinilegt að það er búið að festa sig í sessi hjá mjög mörgum. Fólk lítur á þetta sem fastan punkt í sinni tilveru á sumrin og mætir alltaf. Alveg eins og fleiri þátttakendur voru sjálf-sagt frá sunnanverðu landinu í ár, má búast við að Norðlendingar fjölmenni á næsta ári og í mínum huga er ekki spurning um að halda þetta mót árlega.“ sagði Marteinn að lokum.





30
ÁRA



Til hamingju íbúar Reykjanesbæjar





Einar Örn Andrésson með boltann á Laugardalsvelli í fyrra þegar Víðir vann Fótolti.net-bikarkeppnina. Víðismenn lentu í leiknum en gáfust ekki upp, jöfnuðu og skoruðu sigurmörkið tveimur mínútum fyrir leikslök. Víðismenn hefja titilvörn sína þegar þeir mæta Haukum á heimavelli í næstu viku. VF/JPK

LYGILEGAR LOKAMÍNÚTUR

Sturlaður endir - þrjú mörk Víðismanna í uppbótartíma tryggði þeim sigurinn

Einar Örn Andrésson er 23 ára miðvörður Víðis í Garði. Hann hefur verið á skotskónum í sumar og skorað fjögur mörk, þar af tvö í uppbótartíma þegar Víðir vann ótrúlega magnaðan sigur á KFK í þriðju deild. Víkurfréttir tóku viðtal við þennan „framliggjandi hafsent“ eftir leikinn ótrúlega en þess ber að geta að Einar Örn er markahæstur Víðismanna á Íslandsmótinu í ár.

„Ég er Keflvíkingur og gekk í gegnum alla yngri flokkana með Keflavík. Eysteinn [Hauksson] tók mig á bekkinn, í fyrsta sinn með meistaraflakki, á móti KR árið 2018. Árið eftir, 2019, var svo fyrsta árið mitt í meistaraflakki. Fór þá á láni til Víðis en svo var Ísak Óli [Ólafsson], jafnaldri minn, seldur út og þá vantaði Keflavík hafsent. Þeir náðu ekki að finna neinn og kölluðu mig til baka. Ég æfði með þeim en var alltaf á bekknum og fékk engin tækifæri.

Tímabilið eftir það fór ég á láni til Njarðvíkur, tók hálf tímabil þar áður en ég fór út í háskóla. Það var 2020, Covid-tímabilið.“



ÍBRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Einar tók hálf tímabil í Bandaríkjunum en hann var í eitt og hálf ár í skóla í Evansville í Indiana. Hann kom svo heim sumarið 2021 og lék aftur á láni með Víði Garði hálf tímabil. „Ég hef svo bara verið í Víði síðan. Ég fékk samning hjá Keflavík árið 2019 sem gildi í þrjú ár, út tímabilið 2021. Svo skipti ég yfir í Víði 2022.“



Hér er Einar í leik með Njarðvík tímabilið 2020 að kljást við Oumar Diouck sem lék þá með KF. VF/Hilmar Bragi

Amerika í hnotskurn

Þessi tími í Bandaríkjunum, var hann ekki áhugaverður?

„Mjög áhugaverður,“ svarar Einar. „Grímur, einangrun og spila fótbolta, það var svolítið þannig. Við fengum að spila einn leik 2020. Það var innbyrðis leikur og ekki búið að koma upp eitt einasta Covid-tilfelli í liðinu – við vorum eina liðið sem var ekki búið að fá Covid.“

Svo spiluðum við þennan innbyrðisleik og liðið hrundi. Það fengu bara allir Covid og ég fór í einhverja níttján daga í sóttkví, ég fékk ekki Covid.“

Árið 2021 fékk skólalið Einars að spila einn æfingaleik. „Það var á móti University of Kentucky, risaháskóli. Þvílík umgjörð og rosalega flottur skóli. Það var eiginlega öflug uppstilling í þeim leik, við byrjuðum með okkar aðallið en þeir með varaliðið og svo öfugt í lokin. Þannig að þarna fékk ég í andlitnið einhvern sem var svo „draftaður“ í MLS.“

”


Þá var skotárás í gangi hinum megin við götuna. Þannig að við vorum bara læstir þarna inni og fengum svo lögreflugfylgd út í rútu og löggan fylgdi síðan rúttunni frá velliðum ...

Upphaflega ætlaði ég bara að taka eitt ár þarna úti en hjálfafrinn vildi halda í mig, hann ætlaði að spila mér næsta tímabil. Ég tók þá í einhvern sumaráfanga til að hækka einkunnirnar og skólalaginn.

Svo kem ég aftur út og þá var hann ekkert búinn að láta mig vita að hann var búinn að „red shirt-a“ mig, þannig að ég má bara æfa en ekkert að spila. Ég tók ekkert allt of vel í það og þá tritlaði ég bara heim.

Hvar er Einar?

Einar og félagar í knattspyrnuliði University of Evansville á Covid-tímum. Á innfelli myndinni er hann í leik með skólaliðinu.



En þetta var ævintýri og maður eignaðist vini. Þetta var stórskemmtilegt og fyrir alla sem vilja fara út í nám þá er þetta bara geðveikt.“

Hann rifjar upp atvik eftir leik sem þeir léku í Tennessee. „Við vorum að keppa þarna í Tennessee á móti Belmont – og þetta er eitt-hvað vafasamt hverfi sem þessi skóli er í. Þegar við vorum búnir að keppa vorum við læstir í hálf-tíma inni í klefa eftir leik. Þá var skotárás í gangi hinum megin við götuna. Þannig að við vorum bara læstir þarna inni og fengum svo lögregluþyngd út í rútu og löggan fylgdi síðan rútnu frá vellinum. Þetta var einhvern veginn Ameríka í hnotskurn.“

Einar segir að þessi tími í Bandaríkjunum hafi við hörkuævintýri en litadist svolítið af Covid. Hann byrjaði nám í hugbúnaðarverkfræði; „en út af Covid átti að leggja niður tölvunarfræðideildina þannig að þurfti að finna mér eitthvað annað og fór í byggingarverkfræði. Núna er ég að læra byggingatekni-fræði í Háskóla Reykjavíkur og á eitt og hálf ári eftir þar.“

Þú hefur ekkert snúið aftur inn í þennan hugbúnaðargeira?

„Nei, það var ekkert svoléiðis. Ég finn mig mjög vel í byggingargeiranum, eins og ættin gefur til kynna,“ segir Einar en afi hans var Hjalti Guðmundsson sem rak byggingaverktakafyrirtækið Hjalti Guðmundsson ehf. og var lengi viðloðandi byggingariðnaðinn á Suðurnesjum. „Núna er ég hjá Sigga Kristófers [Mannvirki & malbik] á Íðavöllum,“ segir Einar sem ætlar að ljúka náminu og bætir við að honum lítist vel á að starfa við fagið í framtíðinni.

Réttur maður á réttum stað

Í síðustu viku léku Víðismenn gegn KFK á heimavelli þeirra síðarnefndu í Kópavogi. Það ótrúlega við þennan leik er að Víðismenn voru tveimur mörkum undir eftir níutíu mínútur en einhvern veginn tókst þeim að vinna leikinn.

Vindum okkur í þennan leik – þetta er með lygilegri sögum sem maður hefur heyrt, hvað gerðist eiginlega?

„Okkur vantaði mark og við breyttum um kerfi nokkrum mínútum fyrir leikslok, höfðum ekki verið að skapa neitt mikið fyrir það. Síðan segir Snorri [Már Jónsson], aðstoðarþjálfari, mér að fara fram og við leggjum þunga á þá, vinnum einhverjar hornspyrnur og fáum einhver færi.“

Síðan kemur ein hornspyrnan inn í teig, Cristo [A. F. Da S.

”

... neglir honum svo bara inn í og aftur, mínútu seinna, fæ ég boltann og negli í markið – með hægri meira að segja ...

Martins] nær skallanum og þá var ég réttur maður á réttum stað og pota honum inn.

Við drifum okkur, sækjum boltann og þeir taka miðju. Þeir dundra bara fram og við vinnum innkast. Ég skokka bara fram. Síðan er Paulo [Gratton] með hann hægra megin, neglir honum svo bara inn í og aftur, mínútu seinna, fæ ég boltann og negli í markið – með hægri meira að segja,“ segir Einar hlæjandi.

„Ég fagna náttúrulega, orðinn mjög sáttur með að ná jafntefli. Bessi [Jóhannsson] og Dani [Beneitez Fidalgo] fara að sækja boltann og þeir segja bara: „Common, við ætlum að sækja sigur!“

Dani var búinn að segja við mig í hálfleik að við gætum náð jafntefli á sterkum útivelli en hann segir bara: „Hey, við ætlum að vinna.“ Eitthvað sem hann fann á sér.

Síðan fáum við hornspyrnu og þeir félagarnar [Dani og Paulo] tala eitthvað saman, maður skildi auðvitað ekkert hvað þeir voru að segja. Paulo tók hornið, sendir á Dani út við vítateig og við Bessi tilbúnir á fjærstönginni. Dani sendir á fjær og við Bessi hefðum þurft að flegja okkur á stöngina, við áttum ekki séns í þetta. Við höldum að þetta væri sending á okkur en það var snúningur á boltanum og svo bara fýkur hann inn.“

Þetta er fáheyrt en mörkin skoruðu Víðismenn á þriðju, fjórðu og sjöttu mínútu uppbotartíma.

„Þetta var mjög vont. Þú veist, maður finnur alveg til með þeim – en þetta var rosalegt.“

Þú segir að þið hafið ekki verið búnir að skapa neitt sérstaklega, voru þeir búnir að vera betri aðilinn í leiknum?

„Nei, þetta var mikið hnoð fannst mér. Þeir komust yfir 1:0 og lögðust svo mikið til baka. Þeir voru voða lítið að gera með boltann og svo skoruðu þeir aftur á fyrstu mínútu í seinni hálfleik.“

Við vorum í einhverju smá veseni en svo breyttum við um kerfi. Þeir voru búnir að leggjast voðalega langt aftur fannst mér, sem var fínt því þá gátum við farið



Einar Örn skorar jöfnunarmark Víðismanna „með hægri meira að segja“. Myndirnar úr leiknum tók Guðmundur Björgvin Jónsson/björgvin

að negla honum inn í. Við Bessi vorum báðir komnir fram, tveir turnar í teignum, og þá skapast þessi hætta – síðan náðum við þessum mörkum inn.“

Trúði þessu ekki

„Þegar við vinnum hornið í stöðunni 2:2 þá komumst við í rosalega góða stöðu til að gefa hann fyrir, áður en við fáum hornið. Bessi fór niður á hné og bara öskraði: „Nei!“ Alveg brjálaður.“

Svo tókum við hornið og skorum. Ég bara trúði þessu ekki, ég er bara að labba til baka en þeir hlaupa allir til að fagna. Ég horfi á bekkinn hjá hinum þar sem einhver tekur vatnstöskuna þeirra og skella henni í jörðina, bekkurinn okkar alveg snælduóður og þarna var þetta búíð. Alvöru dramatík eins og hún gerist best – þeir tóku miðju og dómarrinn flautaði leikinn af.“

En hvaða stöðu leikurðu?

„Ég er hafsent,“ segir Einar. „Og búinn að skora tvær tvennur núna í tveimur leikjum.“

Framliggjandi hafsent?

„Já, það má eiginlega segja það,“ segir hann og hlær. „Ekki voru mörkin mörg fyrir – ég var bara kominn með eitt mark á ferlinum. Það var í einhverju 3:2 tapi minnir mig [innsk. blm.: Einar skoraði á 78. mín. í leik Víðis og Elliða sem fór 2:3, 10. sept. 2022].“

Það er hörð barátta í þriðju deild og Víðir situr sem stendur í þriðju

”

... síðan þá höfum við unnið alla leiki – og þessi síðasti sigur sýnir svart á hvítu að okkur mun takast það ef við höldum áfram að hafa trú á okkur sjálfum.

sæti með þrettán stig en liðin í sætum tvö til fimm eru öll jöfn að stigum. Augnablik er efst með fimmtán stig.

Við spyrjum Einar því að lokum hvort hann hafi trú á því að Víðismönnum takist að tryggja sér sæti í annarri deild á næsta ári.

„Það er markmiðið. Við unnum fyrsta leik en töpuðum fyrir Kára í annarri umferð, síðan þá höfum við unnið alla leiki – og þessi síðasti sigur sýnir svart á hvítu að okkur mun takast það ef við höldum áfram að hafa trú á okkur sjálfum.“



Víðismenn fagnuðu eins og óðir væru ásamt stuðningsmanni Víðis númer eitt, Evu Rut Vilhjálmssdóttur. Myndskeið frá uppbotartíma leiksins er hægt að sjá í rafrænum Víkurfréttum.

MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Sigurmarkið. Skot Daniel Beneitez Fidalgo hafnaði í samskeitinum, óverjandi fyrir markvörð KFK.

Þrjátíu ára afmæli Reykjanesbæjar gerð góð skil í þætti vikunnar

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Tippmeistarinn skellti sér á Wembley

„Maður á alltaf að segja já,“ segir tippmeistari Víkurfrétta, Hámundur Örn Helgason. Víkurfréttir endurvöktu tippmeikinn í vetur eftir langt hlé. Verðlaunin voru ekki af síðri endanum, ferð til London á úrslitaleikinn í enska bikarnum á Wembley, stærsta leik ársins í enska boltanum. Liðin sem mættust voru liðin frá Manchester, United og City.

Hámundur, sem er Njarðvíkingur, bar sigur úr býtum en leikurinn var þannig að tveir tipparar mættust og sigurvegurinn hélt áfram og mætti nýjum áskoranda. Fjórir enduðu eftir og eftir undanúrslit og svo úrslit stóð Hámundur á tindinum. Blaðamaður sótti hann fyrir flug föstudagsmorguninn 24. maí og leikurinn var daginn eftir.

Þegar komið var að Wembley-leikvanginum á leikdegi var strax haldið á The Torch sem er pöbb þar sem stuðningsmenn Manchester United mættu og kyrjuðu söngva sína. Þar rákumst við á keflvíska parið Jón Halldór Eðvaldsson og Marín Rós Karlsdóttur. Marín er gallharður stuðningsmaður Manchester United og var spurð út í orðróm þess efnis að reisa eigi stytta af henni við Old Trafford, völl United, því henni tókst að snúa Jóni Halldóri frá Liverpool til United.



„Það var ekki mikið mál að snúa Jonna, ég held að hann hafi alltaf verið United-maður innst inni. Það verður gaman að fagna á spönginni í dag,“ sagði Marín. Jonni var inntur eftir viðbrögðum.

„Bara alls ekki! Ég segist stundum vera United-maður þegar komið er inn í svefnherbergi, þú skilur – en nei, United-maður verð ég aldrei en ég er það klárlega í dag. Ég er mættur hingað með Marínu minni til að hjálpa ykkur yfir þröskuldinn,“ sagði Jonni.

Hámundur tippmeistari var líka peppaður á þessum skemmtilega stað.

„Það er geggjað að vera kominn hingað. Það er ekki erfitt að detta í þessa United-söngva þó svo að ég sé ekki stuðningsmaður liðsins.“

”

Það er geggjað að vera kominn hingað. Það er ekki erfitt að detta í þessa United-söngva þó svo að ég sé ekki stuðningsmaður liðsins ...



ÍÞRÓTTIR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Tottenham er mitt lið en ég held ég geti viðurkennt að United er orðið lið númer tvö hjá mér, ekki síst þar sem afi er United-maður. Ég keypti þessa treyju sem ég er í fyrir hann og klæðist henni kátur á Wembley í dag.

You should say yes

Þegar blaðamaður og Hámundur gengu inn á leikvanginn munaði minnstu að hljóðnemarnir sem blaðamaður var með, væru teknir af honum. Við vorum sendir til annars gæslumanns sem spurði mig hvort ég væri með lyfin mín í bakpokanum. Heiðarlegur neitaði



ég þeirri spurningu, ég væri með hljóðnema og annað sem ég þyrfti vegna blaðamannastarfsins. Viðkomandi gæslumaður treysti okkur og sagði þessa gullnu setningu: „You should say yes,“ [þú ættir að svara já]. Ég breytti þá svari mínu, sagðist vera með lyfin mín í töskunni og taskan flaug inn og við félagarnir hlógum mikið af þessu og vorum á því að hugsanleg fyrirsögn á greinina væri fædd!

Leikurinn byrjaði og var gríðarleg stemmning á meðal United-aðdáenda sem sungu linnulaust allan tímann. Hvort stuðningsmenn City voru eitthvað að syngja skal ósagt látið, alla vega heyrðum við ekkert í þeim. Háir stuðlar voru á sigri United í þessum leik, þ.e. að allir bjuggust við öruggum sigri Englandsmeistara Manchester City en Rauðu djöflarnir ætluðu greinilega að selja sig dýrt og uppskárú mark á þrítugustu mínútu. Allt ætlaði um koll að keyra í stúkunni og var greinilegt á Hámundi að hann var rauður í gegn þennan dag! Ekki voru fagnaðarlætin minni þegar United komst í tvö null níu mínútum síðar en blessunarlega tókst blaðamanni að byrja að taka upp myndband nokkrum sekúndum áður en boltinn lá í netinu!

Frábær hálfleiksstaða fyrir okkur félagana

„Þetta er búíð að vera langt framarmínun væntingum og vonum fyrir

”

Þvílíka stemmningin í stúkunni, ég hef oft áður komið á Wembley að sjá mína menn í Tottenham en þá var hann aldrei fullur og stemmningin því ekki í líkingu við þá sem er í dag ...

leikinn, þetta er búíð að vera frábært og að United skuli vera tvö null yfir er auðvitað meiriháttar. Þvílíka stemmningin í stúkunni, ég hef oft áður komið á Wembley að sjá mína menn í Tottenham en þá var hann aldrei fullur og stemmningin því ekki í líkingu við þá sem er í dag. Þegar ég tók þátt í þessum tippmeik í vetur óraði mig nú ekki fyrir þessu en eins og sást áðan, þegar þú slappst í gegn með bakpokann, á maður bara að segja já. Ef ég hefði ekki samþykkt að taka þátt í þessum tippmeik hefði ég aldrei komist í þessa frábæru ferð.

Ég er fæddur og uppalinn Njarðvíkingur en hef líklega hálfan hluta ævi minnar líka búíð á Blönduósi. Ég og konan mín fluttum svo til Njarðvíkur árið 2019 þegar barnið okkar var á leiðinni og unum við okkur mjög vel í Innri-Njarðvík. Ég

er búinn að vera framkvæmda- og íþróttastjóri Ungmennafélagsins Njarðvíkur og er alsæll í því starfi. Það er mikil uppbygging í gangi, karfan á leið í nýtt íþróttahús og knattspyrnuliðið okkar efst í Lengjudeildinni, svo ég held að mér sé óhætt að segja að framtíð íþróttanna í Njarðvík sé björt. Ef þú spyrð mig út í þælingar með sameiningu Keflavíkur og Njarðvíkur hef ég minar efasemdir um það, bæði félög eru geysilega sterk og Reykjanesbær ræður vel við að halda úti tveimur toppliðum. Við Njarðvíkingar voru grátlega nærri að vera með bæði liðin okkar í úrslitum körfunnar og Keflavíkurkonur urðu auðvitað Islandsmeistarar. Metaðurinn er mjög mikill hjá báðum félögum svo ég held að best sé að láta þau keppa í sitt hvoru lagi. Kannski mætti skoða samstarf í yngri flokkum, ég væri alveg til í að skoða það þegar við á, við þurfum að gera það sem er best fyrir börnin og félagið,“ segir Hámundur Örn.

Áhorfendur fengu spennu í leikinn þegar City minnkaði muninn tapum tíu mínútum fyrir leikslök en United hélt út og gríðarleg fagnaðarlæti brutust út meðal þeirra rauðu. Hámundur vissi hver myndi blæða á barnum þetta kvöld því blaðamaður hafði gert það gott í veðmálum dagsins! Ekki gafst ráðrúm til að ræða saman eftir leikinn svo þúlsinn var tekinn á veitingastað skammt frá Wembley.

„Ég veit ekki hvað skal segja, þetta er einn skemmtilegasti leikur sem ég hef farið á og hef ég nú farið á þá nokkra í gegnum tíðina. Þetta var bara eitthvað allt annað inni á Wembley í dag. Við vorum á frábærum stað með flottum stuðningsmönnum United og eins og ég segi, ég gæti ekki verið ánægðari með ferðina og leikinn.“

Við vinirnir höfum stundað undanfarin ár að fara á leiki í hinum og þessum deildum, sú eftirminnilegasta er líklega ferð á leik í portúgölsku deildinni. Þeir voru vel blóðheitr stuðningsmenn Sporting Lissabon sem tryggði sér titilinn með sigri í þeim leik. Það var rosalega stemmning og upp hefur vaknað hugmynd hjá hópnum að skella sér á leik í argentínsku deildinni. Ég held að sú ferð muni jafnvel toppa þessa ferð á Wembley núna. Annars vil ég bara þakka styrktaraðilum leiksins, Njóttu ferðum og Icelandair, ásamt Víkurfréttum að sjálfsgöðu, kærlega fyrir mig. Ég er sko alveg til í að taka þátt í tippmeiknum aftur á næsta tímabili. Vona innilega að þið haldið áfram með þennan flotta leik,“ sagði Hámundur Örn að lokum.





Bikarbaráttunni lauk með vítaspyrnukeppni

Frábær frammistaða hjá Keflvíkum sem voru hársbreidd frá því að slá þriðja úrvalsdeildarliðið úr leik í Mjólkurbikarnum

ÍÐRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Frábærri sigurgöngu Keflvíkinga í Mjólkurbikar karla lauk um helgina eftir framlengdan leik gegn úrvaldsdeildarliði Vals og vítaspyrnukeppni. Baráttugleði og sterk liðsheild Keflvíkinga kom Völsurum úr jafnvægi og úrslit leiksins hefðu hægleða getað fallið með báðum liðum.

Flestir leikmenn Keflavíkur hittu á góðan dag, eiginlega allir. Ásgeir Orri Magnússon var frábær á milli stanganna og varði oft mjög vel, þá var nafni hans, Ásgeir Páll Magnússon, gríðarlega vinnusamur og sterkur í vörn og sókn auk þess að skora gott mark – en senuþjófum var skipt inn á þegar sjö mínútur voru eftir af framlengingu og hann kom, sá og sigraði. Gabriel Aron Sævarsson, yngsti leikmaðurinn á vellinum, skoraði á lokamínútu framlengingarinnar og sá til þess að Keflavík fékk tækifæri í vítaspyrnukeppninni.



Einar Orri stóð sína vakt í markinu og vex stöðugt sem markvörður.



Einar Páll nær skoti þrútt fyrir að vera aðþrengdur varnarmönnum...



... og skorar fyrra jöfnunarmark Keflvíkinga.



Mamadou Diaw kominn í þökkalegt færi en hann ákvað að reyna að gefa á samherja.



Einar Páll Magnússon og Dagur Ingi Valsson skoruðu sitt hvort markið og voru meðal bestu manna vallarins. VF/JPK



Joey Drummer var á sínum stað og hvatti Keflvíkinga til dáða.

Keflavík - Valur 3:3 (6:8)

Leikurinn bauð upp á allt sem góðir bikarleikir þurfa að hafa. Hann einkenndust af mikilli baráttu og dramatík þegar forystan sveiflaðist á milli beggja liða.

Það tók rúman hálf tíma að fá fyrsta markið í leikinn og það var gestanna sem komust inn í teig Keflvíkinga og uppskáru mark (33') eftir smá reitabolta.

Keflvíkingar hengdu ekki haus og voru fljótir að svara fyrir sig þegar Ari Steinn Guðmundsson sendi háan bolta inn á teig Vals þar sem Bjarni Mark Antonsson, varnarmaður Vals, hitti hreinlega ekki boltann. Ásgeir Páll Magnússon var fljótur að refsa með jöfnunarmarki (38').

Heimamenn komust yfir í seinni hálfleik. Þá tók Ari Steinn aukaþyrnu á vallarhelmingi Vals og

sendi inn að marki Vals þar sem gestirnir voru í nauðvörn. Þegar boltinn svo hrökk út fyrir teiginn tók Dagur Ingi Valsson hann viðstöðulaust og hamraði í netið (57') án þess að Frederik Schram, markvörður Vals, kæmi vörnum við.

Valur jafnaði leikinn rúmum tíu mínútum síðar þegar Gunnlaugur Fannar Guðmundsson varð fyrir því óláni að fá fasta sendingu í sig og þaðan í netið (68').

Sá yngsti þakkaði traustið

Fleiri urðu mörkin ekki í venjulegum leiktíma en í framlengingunni náði Valur forystu þegar Jónatan Ingi Jónsson skoraði eftir góðan undirbúning fyrrum Keflvíkinga Adams Ægis Pálssonar (98').



Mark Dags Inga Valssonar var af dýrari gerðinni, þrumunegla rétt utan teigs og markvörður Vals gerði ekki tilraun til að verja skotið.



Fyrir leik hittust stuðningsmenn og hituðu upp með grilluðum hamburgurum og kældum drykkjum og hlýddu á ljúfan söng Valdimars Guðmundssonar við undirleik Björgvins Ívars Baldurssonar.



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Afreks- og landsliðssamningar gerðir við kylfinga GS

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugu afreksstarfi og gerir ár hvert samninga við þá afrekskylfinga klúbbsins sem þykja skara fram úr og stunda markvissar æfingar hjá klúbbum.

Nýlega voru gerðir svokallaðir A samningar og landsliðssamningar við nokkra kylfinga GS. Við kylfingana Svein Andra Sigurpálsson, Guðmund Rúnar Hallgrímsson, Pétur Þór Jaidee og Björgvin Sigmundsson voru gerðir A samningar og þá voru undirritaðir landsliðssamningar við þau Fjólu Margréti og Loga Sigurðssyni en landsliðssamningarnir eru nýjung hjá klúbbum og fela í sér órlítið meiri stuðning við þá kylfinga sem

taka þátt í landsliðsverkefnum og fá þeir meðal annars aðgang að Sporthúsinu sér að kostnaðarlausu. Golfklúbburinn og Sporthúsið hafa hafið samstarf sem á vonandi eftir að eflast og dafna þegar fram líða stundir.

Í tilkynningu frá GS segir að stjórn og afreksnefnd óski afrekskylfingum GS góðs gengis í sumar og voni að þessir samningar hjálpi kylfingunum að ná settum markmiðum.



Ari Eliasson frá Sporthúsinu ásamt Loga Sigurðssyni og Fjólu Margréti en þau undirrituðu landsliðssamninga og fá frían aðgang að Sporthúsinu.



Sló draumahöggíð á Nettómótaröðinni

Snorri Rafn William Davíðsson úr Golfklúbbi Suðurnesja fór holi í höggi á Leirdalsvelli þegar hann keppti á Nettómótaröð unglinga sem haldin var hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar (GKG) í síðustu viku.

Draumahöggíð sló Snorri Rafn á annarri holi vallarins sem er 154 metra löng og notaði hann 8-járn við höggíð. Hann lét sér ekki nægja einn örn á hringnum heldur fékk hann annan á þar fimm braut á seinni níu holunum, þeirri tólftu braut, en þar setti Snorri þriðja höggíð sitt niður á um sjötíu metra færi.

Það er óhætt að segja að þarna hafi Snorri heldur betur hitt á góðan dag á golfvöllinum.



Afrekskylfingarnir ásamt Sigurpáli Sveinssyni, íþróttastjóra GS (lengst til vinstri), Ólöfu Einarsdóttur, formanni afreksnefndar (fjórða frá hægri) og Guðrúnu Þorsteinsdóttur, varaformanni GS.

Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



Flügger



30
ÁRA



Til hamingju íbúar Reykjanesbæjar



mila




HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

KPMG



BERGRAF EHF



M2 FASTEIGNASALA



BÍLAKJARNINN

HUG
VERKTAKAR EHF

KADECO
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



Epoxy Gólf

R_S
RÉTT SPRAUTUN



RISS
VERKFRÆÐISTOFA



VERNE

GRJÓTGARÐAR EHF

langbest
RESTAURANT

Ólympíueftirvænting

Það styttist óðum í Ólympíuleikana hér í París en þeir verða settir 24. júlí og standa yfir til 14. ágúst. Og svo heldur veislan áfram með Ólympíuleikum fatlaðra frá 28. ágúst til 8. september. Það er spennandi tilhugsun að búa í Ólympíuborg og fá leikana beint í æð svo að segja.

Eitt er þó víst að Ólympíuleikarnir munu sannarlega hafa áhrif á daglegt líf okkar Parísarbúa. Það er búist við a.m.k. tveimur milljónum gesta á þessu þriggja vikna tímabili en til samanburðar er það nálægt þeim fjölda ferðamanna sem sótti Ísland heim allt árið í fyrra. Traffík og mannmörgð er því það sem koma skal. Og ekki bara vegna fjöldans, heldur einnig vegna gríðarlegrar öryggisgæslu, götulukana, áhorfendapalla sem búið er að byggja vítt og breitt um borgina og svo mætti lengi telja. Það verður snúið að fara um borgina og aðgengi víða svo takmarkað að íbúar þurfa að sækja um sérstakan QR-kóða til að vera heimilað að fara heim til sín.

Ég er farin að heyra dáldið tuð í frönskum Parísarbúum, sem margir hverjir hafa hreinlega ákveðið að yfirgefa borgina á meðan leikarnir fara fram. Það er pirringur í þeim og það er mikið verið að rifja upp alls konar loforð sem gefin voru fyrir tíu árum þegar París kepptist um að halda leikana 2024. Það átti að vera búið að klára metrólínur á báða stóru flugvöllina, metróið átti að vera ókeypis á meðan á leikunum stendur – alla vega fyrir íbúa – og þar frameftir götunum. En þvert á þessi loforð var það endanlega tilkynnt að það næðist ekki að klára flugvallarlínurnar, og snemma á þessu ári tilkynnti svo lögreglustjórinn í París að metróið myndi

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR

margfaldast í verði á Ólympíu-tímabilinu. Ekki minnkaði tuðið við það.

En það er líka margt gott. Borgin er farin að skarta sínu fegursta, búið að mála, dytta og laga allt sem bilað var og farið að láta á sjá. París er alltaf falleg en hún er einstaklega falleg þessa dagana.

Þetta verður kraðak og þetta verður allt önnur París en við erum vön. Það var örugglega líka þannig í London, Barcelona, Peking og í öðrum Ólympíuborgum. Við fjölskyldan nennum ekki þessu tuði og erum bara frekar spennt. Reyndar hefði það verið mun meira spennandi ef íslenska handboltalandsliðinu hefði tekist að tryggja sig inn á leikana, en það gekk því miður ekki í þetta skiptið.

Við hlökkum til að fyllast Ólympíuandanum og upplifa stemmninguna. Og ef svo skyldi fara að þetta yrði allt að allsherjar klessu sem við nennum ekki að standa í, þá neyðumst við bara til þess að halda til á svölunum okkar og hlusta á fagnaðarlætin í nágrenninu frá tenniskeppninni á Roland Garros og úr fótboltanum frá PSG völlum, Parc des Princes.

Þá er bara vonandi að það verði gott veður því annars byrjum við sannarlega að tuða!

Svifið í Vogum



VF/JPK



Mundi

Til hammó með ammó!



Land rís!

Það lítur út fyrir að landrís sé hafið að nýju í Svartsengi síðan um helgina og landsigið sem mældist fyrstu daga gossins því lokið. Veðurstofa Íslands segir að ekki er hægt að meta hraðan á landrísinu á þessari stundu, en gera megi ráð fyrir að innflæði kviku í kvikusöfnunarsvæðið sé orðið meira en útstreymi úr gígunum. Nánar er fjallað um stöðuna við Grindavík á síðum 10 og 11 í blaðinu í dag.

SUMARKVÖLD Í REYKJANESBÆ 13. JÚNÍ

TILBOÐ Í VERSLUNUM OG
Á VEITNGARHÚSUM Í BETRI BÆ
OPIÐ TIL KL. 22

